

## Gjörðabók fyrir Byggðasafn Vestfjarða

### Byrjuð 1956

#### **Byggðasafn Ísfirðinga**

var stofnað af bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar 6. júlí 1955, sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu 26. júlí 1955 og sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu 20. september 1955.

Þessir menn voru kosnir í stjórnum:

Af sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu: Einar Guðfinnsson, Bolungarvík.

Af sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu: Kristján Davíðsson, Neðri-Hjarðardal.

Af bæjarstjórn Ísafjarðar: Jóhann Gunnar Ólafsson, Ísafirði.

#### **1. Fundur**

Ár 1956, miðvikudaginn 9. maí kom stjórn Byggðasafns Ísfirðinga saman á fund í sýsluskrifstofunni á Ísafirði.

Mættir voru Einar Guðfinnsson og Jóh. Gunnar Ólafsson. Kristján Davíðsson gat ekki mætt.

#### **Fyrir tekið:**

Jóhann Gunnar Ólafsson skýrði frá því að Guðmundur Jónsson frá Mosdal hefði afhent honum allar eignir nefndar þeirrar, sem starfaði hér um skeið að stofnun byggðasafns, er Guðmundur var framkvæmdastjóri þeirrar nefndar. Aðrir nefndarmenn eru fluttir úr bænum.

Eignir þessar eru:

Sparisjóðsbók við Landsbankann, ??staða kr. 30.386,64

Sparisjóðsbók við Sparisjóð Mýrhrepp. ??staða kr. 5.071,64

samtals kr. 35.458,28

Sexæringer með farviðum

Ýmsir munir í vörslu Guðmundar.

Jóhann Gunnar Ólafsson skýrði frá því, að hann hefði rætt við bæjarráð Ísafjarðar um það, að byggðasafninu yrði ætlað húsnaði í rishæð íþróttahússins, sem nú er í byggingu. Nú hefði borist tilkynning frá bæjarstjórn, að hún hefði samþykkt 2. maí s.l. að verða við þessari beiðni og jafnframt leyft, að sexæringer safnsins yrði settur upp á hæðina áður en þakið yrði sett á.

Stjórnin ákvað að votta bæjarstjórn þakkir fyrir þessar undirtektir og láta hið fyrsta kom bátnum upp á hæðina. Gert er ráð fyrir, að smíði þaksins verði lokið í sumar.

Stjórnin samþykkti að neita þessum félögum í Reykjavík og heita á þau til stuðnings við að koma byggðasafninu á fót:

Vestfirðingafélaginu.

Dýrfirðingafélaginu

Súgfirðingafélaginu

Bolvíkingafélaginu

Ísfirðingafélaginu

og Átthagafélagi Sléttuhrepps

Og einnig var ákveðið að skrifa Sambandi Vestfirska átthafafélaga.

Stjórnin lætur þess getið, að hún hafi á s.l. ári birt ávarp til Ísfirðinga á fjölmörgum hlöðum landsins, bæði hér vestanlands og í Reykjavík, og skorað á þá að leggja safninu liðsinni bæði með því að gefa því og selja því allskonar muni. Stjórnin ákvað að fá samskonar ávörp birt annað veifið í blöðum, til þess að minna á safnið og vekja áhuga fyrir því.

Lagt var fram bréf dags. 8 des. 1955 frá séra Jóni Auðuns dómþrófasti í Reykjavík, þar sem hann spyr um framkvæmdir í byggðasafnsmálinu, og segir frá því, að í sinni eigu séu ýmsir gamlar munir frá Ögri. Jóh. Gunnar Ólafsson skýrði frá því, að Óli J. Ólason kaupmaður í Reykjavík hefði sent safninu að gjöf gamlar mannamyndir og prent frá Ísafirði. Þakkaði hann gjöfina.

Stjórnin ákvað samkvæmt 4 gr. laga nr. 8/1947, um verndun og viðhald fornra mannvirkja og um byggðasöfn, að leita staðfestingar þjóðminjavarnar á því, að byggðasafnið skuli verða háð ákvæðum ofangreindra laga.

Marzellíus Bernharðsson, Samúel Jónsson og Aðalsteinn Jóhannsson á Skjalfönn hafa heitið því, að láta safnið fá gamla muni sem eru í eign þeirra.

Stjórnin ákvað að láta síðar á þessu sumri manna um vestfirskar byggðir til að safna alls konar munum til safnsins.

Stjórnin lagði fram:

Reikningur fyrir Byggðasafn Ísfirðinga 1955

Tekjur:

móttekið frá Guðm. Jónssyni frá Mosdal, eignir Byggða-og sjóminjasafns Vestfjarða:

Innistæða á bók nr. 9879 við landsbank. kr. 24.128,02

Innistæða á bók við sparisjóð Mýrhrepp. kr. 4.830,14

Vextir tilfærðir 1955 í Landsb. kr. 6.258,62

Vextir tilfærðir 1955 í sparisjóð kr. 241,50

Samtals kr. 35.458,28

Gjöld:

Eignir í ársbyrjun 1956:

Innistæða á bók nr. 9879 við Landsbank. kr. 30.386,64

Innistæða á bók við sparisjóð Mýrhr. kr. 5.071,64

Samtals kr. 35.458,28

Jóh. Gunnar Ólafsson skýrði frá því, að Þorsteinn Jóakimsson bifreiðastjóri, Ísafirði, hefði sent safninu nokkra muni, sem hann hefði dregið saman í Aðalvík og að von væri á fleiri munum frá honum.

Stjórnin ákvað að láta skrásetja hið fyrsta það, sem byggðasafnið hafði þegar eignast af munum og halda síðan að aðfangabók um það er síðar bærist.

Fleira ekki gert fundi slitið

Jóh. Gunnar Ólafsson

Einar Guðfinnsson.

## 2. Fundur

Ár 1956, föstudaginn 6. júlí kom stjórn byggðasafnsins saman á fund í sýsluskrifstofunni á Ísafirði.

Mættir voru:

Einar Guðfinnsson, Bolungarvík, Kristján Davíðsson, Neðri Hjarðardal og Jóhann Gunnar Ólafsson Ísafirði.

Fyrir tekið:

Lagt var fram bréf þjóðminjavarnar dagsett 19.5 s.l., þar sem hann samþykkir fyrir sitt leyti húsnaði það, sem bæjarstjórn hefur afhent safninu til umráða í rishæð íþróttahússins. Þjóðminjavörður kemst m.a. svo að orði: „ég hef það happ fyrir safnið að eiga kost á þessum samastað og áreiðanlega verður að öllu leiti viðráðanlegra að hafa það þarna, heldur en í bæ með gömlu sniði.“

Stjórnin skrifaði stjórn fjórðungsþings fiskideilda Vestfjarða og fór þess á leit að henni yrði afhent fé það, er deildin hefði veitt til sjóminjasafns.

Jóhann Gunnar Ólafsson skýrði frá því að hann hefði skrifað Guðlaugi Rósinkranz þjóðleikhússtjóra og farið þess á leit við hann að hann afhenti byggðasafnsstjórninni fjármuni, sem safnast hefði á vegum Vestfirðingaskráar og enn væri í vörslum hans. Einnig kveðst hann hafa bent á að Vestfirðingabók væri best komin hjá Byggðasafninu. Svar hafði ekki enn borist.

Stjórnin fór niður í íþróttahús og skoðaði húsakynni þau, sem ætluð eru byggðasafninu og leist henni vel á. Það er útlit fyrir að lokið verði við þakið í ágústmánuði.

Jóh. Gunnar Ólafsson skýrði frá því að hann hefði skrifað búnaðarmálastjóra 14. júní sl. og farið þess á leit að hann leyfði að Ragnar Ágeirsson ráðunautur ferðaðist um Vestfirði í ágústmánuði á vegum byggðasafnsins og safnaði munum handa því. Hafði hann rætt í síma við aðra meðlimi stjórnarinnar um þetta mál og þeir fallist á að senda þessa beiðni.

Sýslunefndir Norður -og Vestur Ísafjarðarsýslu samþykktu á aðalfundum sínum að afhenda byggðasafninu til eignar sjóð þjóðminjasafns Vestfjarða, sem þar stofnuðu til, nemur sjóður þessi kr. 10.530,30 miðað við s.l. áramót.

Jóh. Gunnar Ólafsson skýrði frá því að í Ögri væri gömul stofa komin að falli. Í henni væri skarsúð úr rekaviðarfletting? og þiljur úr gamalli stofu, sem notuð hefði verið sem þinghús. Kvaðst hann hafa falað þetta til byggðasafnsins, þegar húsið rifið. Einnig væri þar til síair, drykkjarkanna hlóðir o.fl. Hafliði Ólafsson hefði tekið vel undir að láta þessa muni og efnivið ganga til Byggðasafnsins.

Stjórnin ákvað að láta skipuleggja húsnæði safnsins og leita til Ragnars Ásgeirssonar um það. Stjórnin hefur fengið vitneskju um það, að Guðmundur Jónsson frá Mosdal, sem andaðist 3. júlí s.l. hefði arfleitt byggðasafnið að húsi sínu og fræðibókum með því skilyrði að Jón sonur hans samþykkti. Jóh. Gunnar Ólafsson skýrði frá því, að Kristján G. Jónasson frá Sléttu hefði gefið ýmsa muni til safnsins.

Þórunn Ásgeirs dóttir gaf fyrir nokkru rímnahandrit skrifað af Ingimundi Guðmundssyni á Skarði Snaefjallaströnd.

Fleira ekki gert

Jóh. Gunnar Ólafsson

Einar Guðfinnsson og

Kristján Davíðsson.

### 3. Fundur

Ár 1956, föstudaginn 21. september kl 16 kom stjórn byggðasafns ísfirðinga saman á bæjarfógetaskrifstofunni. Mættir voru Kristján Davíðsson og Jóh. Gunnar Ólafsson. Einar Guðfinnsson var erlendis.

Fyrir tekið:

Ragnar Ásgeirsson ráðunautur ferðaðist fyrir byggðasafnið um þriggja vikna tíma í ágústmánuði. Hann fór nálega á hvern bæ í Arnarfirði norðanverðum og Dýrafjörð allan. Ennfremur fór hann á Ingjaldssand. Hann safnaði á annað hundrað muni fyrir safnið, og fékk þessi lioforð um muni: Frá Arnarnesi í Dýrafirði: 1. Eikakista, gömul. 2. Saumavinda úr tré. 3. Tveir laðstokkar? 4. tveir mannbroddar (klórur). 5. tveir ullarkambar. 6. þrjár luktir úr tré, íslenskar. 7. vagga. 8. hlóðapottur, stór. 9. eirketill. 10. saumavél, gömul. 11. stólkambar. 12. lár, stór, svigagirtur. 13. ausa úr tré. 14. bakki (af Hornströndum)

Frá Kirkjubóli í Mosdal í Arnarfirði. 15. kista með skrá og lykla, ómáluð, 16. reisla með steinláði eftir Pál á Dynjanda

Frá Gemlufalli (Jón Ólafsson) í Dýrafirði. 17. Vefstóll með öllu tilheyrandi, talinn um 200 ára gamall, 18. Lýsipemdareisla.

Frá Vésteinsholti í Haukadal. 19. Bullustrokkur.

Frá Kirkjubóli í Dýrafirði. 20. Skepputré, 21. Snældustokkur með sex snældum, 22. Bullustrokkur.

Ragnar hafði ekki tíma til að fara víðar í sumar og talaði um að byrja fyrr næsta sumar, svo að hann gæti þá lokið söfnuninni í báðum sýslum.

Lagt fram bréf dags. 31. ágúst s.l. til Páls Zófóníassonar, búnaðarmálastjóra, þar sem honum er þakkað fyrir að láta Ragnar Ásgeirsson ráðunaut fara um Ísafjarðarsýslu fyrir Byggðasafnið, og beðið um, að hann verði láttinn halda söfnuninni áfram á næsta ári.

Lagt fram bréf til þjóðskjalavarðar þar sem þess er farið á leit, að þjóðskjalasafn láti Byggðasafnið fá 4-5 gamlar verslunarbækur.

Sölni Betúelsson, fyrrverandi oddviti og hreppstjóri í Sléttuhreppi afhenti að gjöf til safnsins frá konu hans Sigrúnu Bjarnadóttur, þessa muni úr db. Guðbjartar Guðmundssonar af Hesteyri:

Taðvél

Smjörstrokk

skyrgind

spólurokk með 12 spólusnældum

spólugrind fyrir 12 snældur, tilheyrandi rokknum

Tannspaða til að strekkja með gaddavír

Dengingarhamar og steðja

Hesputré

Hesputré, sem gefur merki við hver 40 brögð á hespunni (skrepputré)

Reislu

Játti Sölvi þessa muni norður á Hesteyri í trillu sinni og kom síðar hingað með þá frá Bolungarvík.

Kjartan Guðmundsson, Mánagötu 1 Ísafirði hefur talað um að láta Byggðasafnið fá beykisáhöld föður síns o.fl. muni, t.d. torfljá.

Húsnaði safnsins er ekki ennþá tilbúið, en þess má vænta að búið verði að gana frá því í október.

Fleira ekki gert, fundi slitið

Jóhann Gunnar Ólafsson og Kristján Davíðsson.

#### 4. Fundur

Ár 1957, miðvikudagurinn 27.mars kl. kom stjórnin saman í sýsluskrifstofunni, mætti voru Einar Guðfinnsson og Jóh. Gunnar Ólafsson.

Fyrir tekið:

mál, lagt var fram bréf frá þjóðleikhússtjóra Guðlaugi Rósinkranci, þar sem hann fer þess á leit að breytt verði nafni safnsins í: Byggðasafn Vestfjarða. Eru þessi tilmæli borin fram eftir beiðni stjórnar Vestfirðingafélagsins í Reykjavík, sem óskar að safnið nái til allra Vestfjarða. Stjórnin félst á nafnbreytinguna og mun bera hana undir bæjarstjórn Ísafjarðar og sýslunefndir Ísafjarðarsýslu til samþykktar.

mál. Arngrímur Fr. Bjarnason kaupmaður á Ísafirði afhenti safninu nýleg að gjöf frá stjórn Fjórðungssambands fiskideilda Vestfjarða kr. 5000, styrk til þess að kaupa og varðveita muni tilheyrandi fiskverkun. Þakkaði stjórnin gjöfina.

Jóh. Gunnar Ólafsson skýrði frá því að hann hefði rætt við Þorstein Finnborgason vélstjóra á Ísafirði um smíði á eftirmynnd af einhverjum Árnapunganna og hefði hann tekið vel í að reyna það. Ekki var rætt um verð nema hvað JGÓ tók fram að safnið hefði ekki efni á að greiða nema lítinn hluta kostnaðarins. Stjórnin samþykkti þessa ráðstöfun en tók fram að ræða þyrfti nánar ráð Þorsteins um verðið. Stjórnin ræddi um það að reyndar þyrfti að fá menn til að smíða eftirmynnd kútters, vélbáts og togara fyrir safnið.

mál. Ásgeir Guðmundsson, Æðey hefur haft orð um að gefa Byggðasafninu járbenta kistu og fl. sem er í eigu þeirra systkina

mál. Úr dánarbúi Sigurgeirs Katarínusonar frá fremri Arnardal hefur safnið fengið að gjöf nokkra muni meðal annars pontu

mál. Þá hefur safnið fengið að gjöf úr db. Einars Halldórssonar Sólgytu 3, tóbaksdósir úr silfri og nokkra fleiri muni.

mál. Guðmundur Sveinsson netagerðarmeistari, Ísafirði hefur fært safninu að gjöf fyrsta bindi af Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder, og hefur hann jafnframt gefið fyrirheit um þau bindi, sem ekki eru ennþá komin út. Ritið verður varðveitt á bókasafni Ísafjaraðar.

mál. Stjórnin hefur gert reikninga safnsins fyrir 1956. Samkvæmt þeim nemur sjóðseign safnsins kr. 48.723,80 miðað við 31. des 1956.

mál. Pétur Pálsson fyrrum bóndi í Hafnadal hefur fært safninu að gjöf tóbaksbauk úr silfri og háhyrningstönn gerðan af Einari Skúlasyni Tannstaðabakk í Hrútafirði.

mál. Benóný Baldvinsson Fjarðarstræti hefur lofað að gefa safninu gamlan vefstól og fleiri gamla muni.

mál. Guðmundur Bernharðsson að Ástúni á Ingjaldssandi lofaði að gefa safninu nokkra muni og gera fyrir það sauðskinnskó og roðaskó. Hann færði safninu frá Bernharði Guðmundssyni á Kirkjubóli í Valþjófsdal yfir hundrað ára gamla hákarlasókn og skilboð um gjöf á 60 ára gömlum lóðum of fl.

mál. Stjórnin ákvað að hefjast handa um skipulagningu á húsnæði safnsins og fá til verksins húsameistara og fróða menn um forna húsagerð. Jafnframt ákvað stjórnin að leita til þjóðminjavavarðar um leiðbeiningar í þessu efni.

mál. Stjórnin ákvað að fá mann til að gera eftirmynnd af vestfirskum sveitabæ samkvæmt uppdrætti Guðmundar frá Mosdal.

mál. Fyrir nokkru skrifaði stjórninni Eggert og spurðist fyrir um það, hvort ekki mundu vera til hjá Frederikssund skipsrærlft? fyrirmyn dir af hinum fyrstu vélbátum, sem keyrðir voru til Ísafjarðar. Hinn 7. mars síðastliðinn svaraði Eggert og lofaði að athuga málið, er hann veðrur í Danmörku á næstunni.

Fundi slitið

Jóh. Gunnar Ólafsson

Einar Guðfinnsson

## 5. Fundur

Ár 1957, fimmtudaginn 3. október kom stjórn Byggðasafns Vestfjarða saman á Ísafirði. Mættir voru Einar Guðfinnsson, Kristján Davíðsson og Jóh. Gunnar Ólafsson.

Fyrir tekið:

mál. Ragnar Ásgeirsson ráðunautur vinnur nú að skrásetningu á munum byggðasafns í húsakynnum þess við Austurvöll. Kom hann hingað s.l. mánudag, en hafði áður farið um Langadalsströnd á Skjalfannardal í erindum Byggðasafnsins. Ragnar mun fara aftur á laugardal en ráðgert er að hann komi aftur næsta sumar og ferðist um hérað til söfnunar.

Jóh. Gunnar Ólafsson skýrði frá því, að hann hefði annan október s.l. skrifað Kristjáni Kristjánssyni, Reykjavík og farið þess á leit við hann, að hann gæfi byggðasafninu líkan sem hann hafði gert á Hvammsbæ í Dýrafirði. Líkanið er nú hjá Jóni Arasyni, Þingeyri.

Sami skýrði frá því, að Hálfán Bjarnson, smiður, Ísafirði, hefði látið þau orð falla við hann, að hann ætlaði að gefa byggðasafni skonnortu líkan, sem hann hefði í smíðum.

Sami skýrði frá því, að bæjarstjórn og sýslunefndir báðar hefðu fallist á að breyta nafni byggðasafnsins í : Byggðasafn Vestfjarða, og verður það framvegis nefnt því nafni.

Rætt var um húsnæði safnsins og möguleika á því að fullgera það Guðni Guðjónsson arkitekt, starfsmaður hjá húsameistara skoðaði fyrir nokkrum dögum húsakynni og lofaði að senda tillögur stiga upp í safnið og millibil. Taldi hann, að nauðsynlegt væri að einangra útvegg, og mætti gera það með ea. 7 em gosullarlagi og masonitþiljum?.

Rætt var um sölu á Sóltúni húseign byggðasafnsins við Hlíðaveg. Stjórnin er sammála um að selja húseignina og ákvað að auglýsa eftir tilboðum með skilafresti til 1. nóv n.k.

Kristján Davíðsson kom með ýmsa muni til byggðasafnsins frá Guðnýju Gísladóttur, í Arnarnesi í Dýrafirði og ýmsa aðra muni frá Jóni Ólafssyni, Gemlufalli og Höfða.

Fundi slitið,

Einar Guðfinnsson

Kristján Davíðsson

Jóh. Gunnar Ólafsson

## 6. Fundur

Ár 1957, fimmtudagurinn 7. nóvember kl 15 komu saman þessir menn úr stjórn Byggðasafns Vestfjarða:

Einar Guðfinnsson, Bolungarvík og Jóh. Gunnar Ólafsson. Kristján Davíðsson var ekki mættur.

Fyrir tekið:

mál. Lögð fram þessi tilboð í Sóltún:

Frá Hauki Sigurðssyni kr. 140.000, útborgun kr. 90. 000

Frá Jóhannesi Elíassyni kr. 85.000

Frá Guðmundi Ingibjarts kr. 53.000

Stjórnin ákvað að taka tilboði Hauks Sigurðssonar. Við afsal greiði hann kr. 90.000, en eftirstöðvarnar kr. 50.000 greiðist á næstu 10 árum, með 7% ársvöxtum. Fyrsta afborgun fari fram 1.des 1958.

Eftirstöðvarnar skulu tryggðar með veði í húseigninni. Jóhanni Gunnari Ólafssyni var falið umboð til að afsala eigninni.

mál. Lagt fram bréf Kristjáns Sig. Kristjánssonar dagsett 8. okt s.l., þar sem hann gefur byggðasafninu líkan af Hvammsbænum gamla í Dýrafirði. Líkanið er komið til safnsins.

Stjórnin ákvað að bera sölu húseignarinnar undir Kristján Davíðsson.

Fundi slitið

Jóhann Gunnar Ólafsson

Einar Guðfinnsson

8/11 1957 samþ. Kr. Davíðsson. Í símtali sölu Sóltúns.

Fundur

Ár 1957, mánudaginn 31. desember var fundur haldinn í stjórn Byggðasafns Vestfjarða í bæjarfógetaskrifstofunni kl 14. Mættir voru: Jóh. Gunnar Ólafsson og Einar Guðfinnsson.

Fyrir tekið

mál. Jóh. Gunnar Ólafsson skýrði frá því að hann hefði gefið Hauki Sigurðssyni afsal fyrir Hlíðarvegi 2, 3.des s.l. og hefði Haukur þá gefið út skuldabréf með veði á eigninni fyrir eftirstöðvum kaupverðsins kr. 50.000.

Um sumarmundir fóru fram skipti í db. Guðmundar frá Mosdal varð safnið að greiða kr. 2225 í erfðafjárskatt af eignum þeim, sem það fékk úr db. Sögufélaga Ísfirðing skuldar byggðasafninu kr. 18844,95 í sambandi við sölu húseignarinnar vegna þess að Isrú? h.f. ávísaði inneign sinni hjá félagini til Hauks. Skuld þessi verður greidd byggðasafninu á næstunni.

Jóh. Gunnar Ólafsson skýrði frá því, að hann hefði í des. átt tal við fornminjavörð um byggðasafnið. Hefði fornminjavörður lofað því að lána mann frá safninu hingað vestur í veturn til þess að skipuleggja húsnæði safnsins. Var gert ráð fyrir að maður þessi (sennilega Gísli Gestsson, safnvörður) komi hingað vestur um sama leiti og Ragnar Ásgeirsson, sem gert er ráð fyrir að verði í ár. Ragnar ætlar að ljúka við skrásetningu safnsins.

Safninu hafa borist nokkrar gjafir undan farið frá Ólafi Árnasyni, Ísafirði, Hallfríði Finnbogadóttur, Guðrúnu Guðmundsdóttur, Þórunni Ólafsdóttir, Jón Jónssyni o.fl.

Fleira ekki gert, fundi slitið

Jóh. Gunnar Ólafsson

Einar Guðfinnsson

## 7. Fundur

Ár 1958, þrið 4. mars kl 4 eftir hádegi var fundur haldinn á stjórn Byggðasafns Vestfjarða.

Mættir: Einar Guðfinnsson, kaupmaður í Bolungarvík og Jóh. Gunnar Ólafsson, Ísafirði.

Fyrir tekið:

mál. Ragnar Ásgeirsson ráðunautur kom vestur 2. feb. s.l. og starfaði til 8. feb. að skrásetningu á munum í byggðasafni. Lauk hann skráningunni að undanskildum gjöfum Guðmundi frá Mosdal. Tala muna reyndist vera 645. Ragnar gerði við nokkra muni. Eins hefur Jón Jónsson á Kolfinnustöðum gert við nokkra muni og eru nú nokkrir munir í viðgerð hjá honum. Umtalað var við Ragnar að hann ferðaðist um Djúpið og vesturfirðina í sumar til þess að safna munum handa safninu. Geri Ragnar ráð fyrir að herða á fyrra hluta sumars.

mál. Gísli Gestson safnvörður kom hingað vestur 2. feb. og fór aftur 4. feb. Kom hann til þess að kynna sér húsakynni safnsins og gera tillögur um skipulag þar og not húsakynnanna. Lofaði hann að senda uppdrátt af tillögum sínum.

Stjórnin ákvað að koma upp í veturn baðstofu í húsakynnum safnsins og fá smiði til þess að vinna verkið.

Söldi Betúelsson, Bolungarvík, hefur enn fært safninu að gjöf ýmsa muni: m.a. 2 festaraugu, sem hann hefur gert.

Fundi slitið.

Jóh. Gunnar Ólafsson

Einar Guðfinnsson

## **8. Fundur.**

Ár 1958 föstudaginn 18. júlí kl. 31/2 eftir hádegi kom stjórn Byggðasafns Vestfjarða saman á fund í sýsluskrifstofunni. Allir nefndarmennir voru mættir.

Fyrir tekið:

Stjórnin ákvað að biðja Ragnar Ásgeirsson ráðunaut að koma hið fyrsta og safna munum í þeim byggðum sem hann hefur ekki ennþá farið um.

Lagður fram uppdráttur af fyrirhugaðri baðastofu í húsakynnum safnsins. Ákveðið var að vinna verkið samkvæmt uppdrættinum.

Munum safnsins hefur nú verið raðað í húsakynnum þess og er ætlunin að sýna þá erlendum gestum 19. júlí en almenningi 20. júlí. Stjórnin fór í safnið og leit yfir tilhögum. Bæjarstjórn lagði til menn, þá Björgvin Sighvatsson og Finn Finnsson, til þess að raða safninu upp og lagfæra húsakynni. Hafa þeir gengið frá öllu með smekkvísi.

Fleira ekki gert, fundi slitið

Jóh. Gunnar Ólafsson

Einar Guðfinnsson

Kristján Davíðsson

## **9. Fundur**

Ár 1959, Föst. 11. sept. kl 14:35 var fundur haldinn í stjórn Byggðasafns Vestfjarða. Mættir voru Jóh. Gunnar Ólafsson, Kristján Davíðsson og Einar Guðfinnsson.

Fyrir tekið:

Það komst ekki í framkvæmd á s.l. ári að gera baðstofu í húsakynnum safnsins, einkum vegna þess að ekki tókst að útvega heppilegt efni, þurrt og vandað. Væntanlega tekst það nú og verður þá reynt að ljúka verkinu í veturn.

Lagður fram reikningur byggðasafnsins fyrir 1958. Skuldlaus eign safnsins var í árslok kr. 208.034,54. Jóh. Gunnar Ólafsson skýrði frá því, að hann hefði fengið Sigurð Guðjónsson múnara til þess að steypa upp leiði Guðmundar Jónssonar frá Mosdal og hefði hann nú lokið því verki. Hann skýrði einnig frá því, að hann hefði pantað töflu á leiðið, en hún væri ekki ennþá komin. Strax og hún bærist myndi hún verða sett á leiðið.

Jóh. Gunnar Ólafsson skýrði frá því, að Hafliði Ólafsson bóndi í Ögri gerði ráð fyrir að rífa gömlu stofuna í Ögri í sept., og að hann hefði gefið kost á því, að byggðasafnið fengi innviði alla með það fyrir augum, að endurbyggja stofuna í húsakynnum safnsins. Ragnar Ásgeirsson ráðunautur hefði lofað að verða viðstaddir þegar stofan væri rifin og annast merkingu á viðum og hafa eftirlit með því, að óþarfa skemmdir yrðu ekki á viðnum. Þá skýrði Jóh. Gunnar Ólafsson frá því að hann hefði á s.l. ári fengið Ólaf Gunnarsson verkfæðing til þess að fara inn í Ögur og teikna upp stofuna og ljósmynda hana til þess að hægt væri að gera hana upp sem næst því og hún var. Séra Jón Auðuns var nýlega á ferð hér vestra og staðfesti hann þá það fyrirheit að láta byggðasafnið fá þá muni, sem hann ætti frá Ögri, til geymslu og varðveislu í hinni fornu stofu úr Ögri, endurreistri að innviðum í húsakynnum byggðasafnsins. Samþykkir byggðastjórnin að láta þessa endurbyggingu fara fram eins fljótt og við verður komið.

Síðan stjórnin kom síðast saman hafa safninu borist fjölmargar gjafir. En skrásettir munir í eigu safnsins nú 1300 að tölu, en nokkuð af munum er ennþá óskrásett. Í ársriti sögufélags 1958 er skýrsla um starfsemi safnsins til loka sept. mánaðar 1958. Hæstur gefandi á þessu ári hefur verið Kristján Þorláksson skipstjóri í Súðavík, gaf hann safninu hrefnubyssu föður síns (Hrefnu-Láka) og marga muni aðra úr eigu hans. Ásgeir í Æðey sjófatnað af hinni gömlu gerð, sem hann hefur sjálfur saumað.

Stakkinn saumaði hann í veturn. Á árinu hafa safninu bæst yfir 100 munir frá ýmsum.

Stjórnin samþykkir að láta sauma íslensk peysuföt, upphlut og skautbúning hið fyrsta og því verður við komið, eða festa kaup á slíkum búningum, ef þeir skyldu bjóðast.

Fleira ekki gert, fundi slitið

Jóh. Gunnar Ólafsson

Kristján Davíðsson.

## **10. Fundur**

Ár 1960, fím. 14. júlí kl. 14:45 kom byggðasafnsstjórn saman á Ísafirði. Mættir voru: Kristján Davíðsson og Jóh. Gunnar Ólafsson.

Fyrir tekið:

mál. Lagður fram reikningur safnsins fyrir árið 1959. Eign í árslok kr. 215.319,15.

Lagðir fram uppdrættir Guðmundar Guðjónssonar húsameistara af byggðasafninu og innréttingu þar.

Ýmiskonar munir hafa að undanförnu borist safninu og er skrásetningu ekki lokið.

Ögurstofa var rífin s.l. haust og var viðurinn fluttur í húsakynni safnsins til þurrkunar.

Fleira ekki gert, fundi slitið

Jóh. Gunnar Ólafsson

Kristján Davíðsson

## **11. Fundur**

Ár 1962, föstudaginn 21. september kl 14 var fundur haldinn í stjórn Byggðasafns Vestfjarða. Mættir voru: Jóh. Gunnar Ólafsson, Kristján Davíðsson og Einar Guðfinnsson.

Fyrir tekið:

Lagðir fram reikningar safnsins fyrir 1960 og 1961. Eign í árslok 1961 kr. 191.432,72.

Síðan stjórnin kom síðast saman hefur verið lokið við að byggja upp Ögurstofu í húsakynnum safnsins.

Var því verki lokið á s.l. vetri. Einnig var lokið við að gera eftirmynnd af baðstofu og skemmu undir súð á húsakynnum safnsins. Virðist það hafa heppnast vel. Hefur þar verið komið fyrir ýmsum munum. Þá saumaði frú Þóra Jóhannsdóttir Ísafirðir upphlut á annað kvenlíkan safnsins, eins og þeir gerast nú, og jafnframt klæddu hún hitt kvenlíkanið skautbúningi úr eigu Ingibjargar frá Búð. Á þessu ári fékk safnið viðbótarhúsnæði hjá bæjarstjórn og flutti í það sexæring safnsins og alla muni frá sjó. Er þar komin saman sjóminjadeild safnsins. Skráðir munir safnsins eru nú 1683, en voru 1300 þegar stjórnin kom síðast saman.

Stjórnin fór um safnið og ákvað síðan að halda áfram byggingu eftirmynnda af stofu, skemma, eldhúsa, hátíðareldhúss og vélareldhúss, verbúða o.s.frv. úti undir súð í húsakynnum safnsins samkv.

fyrirhuguðu skipulagi.

Nefndin ákvað að sýna safnið almenningi á næstunni, eftir að munir eru komnir í safnið frá séra J.

Auðuns.

Fundi slitið

Jóh. Gunnar Ólafsson, Kristján Davíðsson og Einar Guðfinsson.

## **12. Fundur**

Ár 1963, þri. 12. feb. var fundur haldinn í byggðasafnsstjórn. Mættur var Jóhann Gunnar Ólafsson, en símasamband var haft við Kristján Davíðsson.

Fyrir tekið:

Stjórnin ákvað að gefa Listasafni Ísafjarðar sem stofnað var í dag málverk byggðasafnsins af Ísafirði eftir Kristján Magnússon Listmálara frá Ísafirði. Mynd þessi er komin í eigu safnsins frá Guðmundi frá Mosdal og fer vel á að hún verði fyrsta mynd, sem listasafnið eignast. Hún er ætlunarverk Kristján.

Fleira ekki gert, fundi slitið

Jóh. Gunnar Ólafsson.

Fundur

Ár 1963, laugardaginn 6. apríl var fundur haldinn í byggðasafnstjórn. Mættir voru Jóh. Gunnar Ólafsson

Fyrir tekið:

Lagður fram reikningur safnsins fyrir 1962. Eign í árslok kr. 136.859,62

Ragnar Ásgeirsson ráðunautur hefur síðan 28 mars s.l. unnið í safninu að skrásetningu og röðun muna í sýningarborð. Enn fremur hann lagfært ýmislegt af munum og ræðst í eldhús og borð. Hann fer 7. apríl.

Stjórnin ákvað að kalla blaðamenn og bæjarstjórn til þess að skoða safnið í dag  
Ennfremur var ákveðið að hafa safnið opið sunnudag 7.apríl nk. milli kl. 2-6 en almenningi til sýnis.  
Ekki varð af fundi vegna þess að Einar Guðfinnsson varð veikur og gat ekki komið  
7. sunnudagur. Safnið var opið kl 2- hálf 7. Aðsókn var mjög mikil. Í safnið komu:  
Fullorðnir, 228 og börn, 223 sem gerir alls 451  
Aðgangseyrir var enginn, en Sigurður Pálsson frá Nautseyri gaf safninu 100 kr. Gestir voru mjög  
ánægðir.  
Jóh. Gunnar Ólafsson.

### **13. Fundur**

Ár 1963, Föst. 30. ágúst var fundur haldinn í stjórn byggðasafns Vestfjarða. Mættir voru Jóh. Gunnar  
Ólafsson og Kristján Davíðsson. Einar Guðfinnsson var fjarverandi í Reykjavík.

Fyrir tekið:

Stjórn ákvað að hafa byggðasafnið opið á sunnudag kl 2-6 og síðan hvern sunnudag í sept. á sama  
tíma.

Í vetur var mikið unnið í safninu. Smíðaðir voru 10 sýningarkassar og raðaði Ragnar Ásgeirsson gripum  
í þá. Byggð voru upp undir súð: Eldhús, bún og hlóðaeldhús og raðað í þau munum. Óli J.

Sigmundsson húsameistari sá um smíði, en Eyjólfur Bjarnason um raflagnir. Hafa eftirmyn dir þessar  
heppnast mjög vel.

Safninu hefur borist nokkuð af munum á árinu. Helstu gefendur eru: Haraldur Ólafsson bankaritari,  
Reykjavík: Eirkanna úr eigu séra Sigurðar Jónssonar á Rafnseyri og vindlaveski frá Gramsverslun frá  
dánarbúi Jensínu Jensdóttur Súðavík bárust ýmsir munir. Meðal annars tveir kistlar skornir, faglega  
gerðir og margt af smámunum. Hermann Sigfússon færði safninu að gjöf olíumynd eftir Sigurð  
Guðjónsson af Stanley fyrsta vélbát á Ísafirði.

Fundi slitið

Jóhann Gunnar Ólafsson

### **14. Fundur**

Ár 1963, mán. 2. sept. var fundur haldinn í byggðasafnstjórn.

Fyrir tekið:

Eins og auglýst hafði verið var safnið opið frá kl 2-6 1. jan. Aðsókn: 41 börn og 33 fullorðnir, samtals  
74. Aðgangseyrir kr. 558,20. Hermann Guðmundsson annaðist vörluna og voru honum greidda kr.  
200, en auglýsingakostnaður varð kr. 225,60, nettóhagnaður kr. 132,60.

Fundi slitið.

Jóh. Gunnar Ólafsson

### **15. Fundur**

Ár 1963, fím. 19. sept. var fundur haldinn í byggðasafnsstjórn

Fyrir tekið:

Undanfarinn hálfa mánuð hefur Lúðvík Kristjánsson rithöfundur verið hér vestra við söfnun á efni í  
þjóðháttasögu sjáfarútvegsins. Vann hann verkið í byggðasafni og kannaði muni safnsins og kallaði til  
aðstoðar gamla menn. Seinni vikuna hafði hann með sér Bjarna Jónsson leikara og dró hann upp  
meira en 100 teikningar af ýmiskonar munum og sýna þessir upprættir notkun tækja. Talaði ég  
handa byggðasafni myndir þessar, helst frumritin en að öðrum kosti eftirmyn dir! Bjarni tók að sér  
fyrir safnið að gera upprætt af Ísafirði 1866 og afhenti ég honum myndir og önnur gögn til þess.  
Áður er hann fór gerði hann uppkast í samráði við mig.

Fundi slitið, Jóh. Gunnar Ólafsson.

## **16. Fundur**

Ár 1964, fimt. 24. desember var fundur haldinn á byggðasafnsstjórn. Mættir voru:

Fyrir tekið:

lagður fram reikningur safnsins fyrir 1963. Eign í árslok kr. 79.850,91

Safnið hefur ekki verið opið að staðaldri í sumar, en hinsvegar hefur það verið sýnt ferðamönnum sem um það hafa beðið.

Á árinu hefur safninu veið gefið allmikið af munum en stórtækust var Ólafía kr. Ólafsdóttir Gissurarsonar á Ósi í Bolungarvík. Átti hún heima hér á Ísafirði síðustu áratugina en fluttist burtu í ágústmánuði eftir að Ólafur systursonur hennar dó

Jóh. Gunnar Ólafsson skýrði frá því að hann hefði á s.l. hausti rætt málefni safnsins við Kristján Eldjárn Þjóðminjavörð og hefði hann lofað 100.000 kr. styrk til uppbygginga safnsins á næsta ári. Virðist rétt að nota það fé til þess að halda áfram byggingu eftirmynnd húsakynna úti undir súðinni t.d. verbúðir o.fl. þarf að undirbúa þær framkvæmdir í vetrur.

Frá Félagi Djúpmanna í Reykjavík barst í desembermánuði 5000 kóna gjöf. Var formanni félagsins Friðfinni Ólafssyni forstjóra þakkað þessi styrkur

Fleira ekki gert, fundi slitið

Jóh. Gunnar Ólafsson

## **17. Fundur**

Ár 1965 mið. 2. júní. kom stjórn byggðasafns saman í sýsluskrifstofunni

Mættir voru:

Kristján Davíðsson og Jóh. Gunnar Ólafsson

Fyrir tekið:

Lagður fram reikningur byggðasafns fyrir 1964 og undirritaður

Þjóðminjavörður hefur greitt 50 þús. kr. af styrk þeim úr ríkisjóði sem fyrirleið var gefið um á þessu ári.

Miklar endurbætur og lagfæringer hafa í veturn farið fram í húsakynnum safnsins. Uppgangurinn lagfærður, byggð stofa og verbúð og skemm undir súð.

Fundi slitið, Jóh. Gunnar Ólafsson og Kristján Davíðsson

## **18. Fundur**

Ár 1966, miðvikudaginn 15. júní var fundur haldinn í stjórn byggðasafns Vestfjarða í sýsluskrifstofunni.

Mættir voru:

Einar Guðfinnsson og Jóh. Gunnar Ólafsson og Kristján Davíðsson.

Fyrir tekið:

Lagður fram reikningur byggðasafns fyrir 1965.

Nokkur aukning hefur orðið á tölu safngripa á s.l. ári. Vestfirðingafélagið í Reykjavík afhenti Vestfirðingabók og nokkra fjárhæð sem þar hafði safnast. Kom Sigríður Valdimarsdóttir form. félagsins hingað vestur og afhenti hvort tveggja. Var henni þakkað. Í vor hafa gólf í húsakynnum safnsins verið málúð og er fyrir það miklu mun vistlegra.

Safnstjórnin ákvað að afhenda listasafni að gjöf allar teikningar og málverk sem nú eru á eign byggðasafns.

Stjórnin ákvað að hafa byggðasafnið opið 17. júní og síðan á aldarafmælinu og um helgar eftir það.

Fundi slitið.

Jóh. Gunnar Ólafsson, Einar Guðfinnsson og Kristján Davíðsson.

## **19. Fundur**

Ár 1967, fimt. 12. okt. kl 14:30 kom stjórn byggðasafnsins saman í sýsluskrifstofunni.

Fyrir tekið:

Lagður fram reikningur safnsins fyrir 1966.

Frá bæjarstóra hefur borist svofelld tilkynning, dags. 6. mars sl. „Bæjarráð og bæjarstjórn hafa lokið fyrir bréf yðar dags. 22. feb. sl. varðandi kosningu á yfirmanni í yðar stað í stjórn byggðasafns o.fl. Svo felld samþykkt var gerð: Bæjarráð leggur til að Jóhanni Gunnari Ólafssyni verði heimilað að velja sér aðstoðarmann í sambandi við störf laus í stjórn byggðasafnsins. Enn fremur leggur bæjarráð til að aldarafmæli ssýningin verði opin í sumar eftir því, sem við verður komið og leggur jafnframt til að stjórn byggðasafnsins verði beðin að annast umsón með þeirri ssýningu. Jóh. Gunnar Ólafsson skýrði frá því að Jón Páll Halldórsson forstjóri hefði góðfúslega lofað að verða honum til aðstoðar í framtíðinni. Byggðasafnsstjórn samþykkti að verða við þeim tilmælum bæjarstjórnar og bæjarráðs að annast umsjón með aldarafmæli ssýningunni og mun tilkynna þeim það.

Byggðasafnið hefur nokkuð eignast af munum á sl. starfsári og er það á meðal margt merkilegt.

Safnmunir eru nú 2295 og hefur aukning á árinu verið 159 muni til þessa.

Lagður var fram uppdráttur af smíða í byggðasafnini eftir Ólaf Gunnarsson verkfræðing.

Nefndin ræddi um framtíðarstarfsemina. Sérstaklega var rætt um að fá að safninu yfirsetumann, fastráðinn til umsjónar og uppsetningar og viðgerðar á mununum. Nefndin samþykkti að athuga þetta mál.

Fundi slitið, Jóhann Gunnar Ólafsson, Einar Guðfinnsson og Kristján Davíðsson

## **20. Fundur**

Ár 1968, mánudagurinn 16. sept. kl 16:30 kom stjórn byggðasafnsins saman í skrifstofu Einars Guðfinnssonar í Bolungarvík.

Fyrir tekið:

Jóh. Gunnar Ólafsson skýrði frá því að hann hafi nýlega mætt á fundi með stjórn Vestfirðingafélagsins í Reykjavík og hafi hún afhent sér sparisjóðsbók með kr. 210.658. Er fjárhæð þessi hagnaður af happdrætti sem félagið efndi til. Er happdrættispeningunum eingöngu varið til uppbyggingar á bæ sem gerður sé í gömlum vestfískum stíl. Stjórn félagsins létt þau orð falla, að hún myndi fallast á að byggt yrði líkan af gömlum bónabæ en óskaði eftir því að málið yrði borið undir stjórnina, áður en framkvæmdir væru hafnar.

Jóh. Gunnar Ólafsson skýrði frá því, að hann væri nú á förum og hefði bæjarstjórn Ísafjarðar fallist á, að Jón Páll Halldórsson tæki sæti sitt í stjórn byggðasafnsins. Myndi hann afhenda Jóni Páli fjármuni safnsins áður en hann færí suður.

Fundi slitið, Jóh. Gunnar Ólafsson, Kristján Davíðsson, Einar Guðfinnsson og Jón Páll Halldórsson

## **21. Fundur**

Ár 1984, laug. 8.sept. kl. 16:00 kom stjórn byggðasafnsins saman til fundar. Mættir eru: Jón Páll Halldórsson, Hallgrímur Sveinsson, Geir Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein, en þeir skipa nú stjórn byggðasafnsins. Hallgrímur Sveinsson var kjörinn fulltrúi V- Ísafjarðarsýslu árið 1971, Geir Guðmundsson var kjörinn fulltrúi Bolungarvíkurkaupstaðar árið 1982 og Pétur Kr. Hafstein var kjörinn fulltrúi N-Ísafjarðarsýslu árið 1984. Pétur, Hallgrímur og Geir tóki sæti Kristjáns Davíðssonar og Einars Guðfinnssonar í stjórninni en sýslunefnd N- Ísafjarðarsýslu hafði ekki tilnefnt fulltrúa í nokkur ár. Hefur stjórn safnsins því ekki verið fullskipuð fyrr en nú í ár, eftir að Bolungarvíkurkaupstaður hlaut kaupstaðarréttindi.

Fundur var haldinn í stjórn byggðasafnsins laugardaginn 8. sept. mættir voru undirritaðir stjórnarmenn.

Þetta gerðist:

Jón Páll Halldórsson bauð fundarmenn velkomna, en hann var haldinn á skrifstofu hans. Jón neitaði máefni safnsins á umliðnum árum.

Jón Páll lagði fram reikning safnsins fyrir árið 1983.

Þá lagði Jón Páll fram afrit af bréfi frá stjórn safnsins til þjóðminjavarnar, efni var tillaga vegna fjárlagagerðar og ráðning fasts starfsmanns að safninu.

Jón Páll lagði þar fram þrjár umsóknir um starf safnvarðar, en hugmyndin er að sameina safnvörsu í Byggðasafni, Listasafni og húsanna í Neðstakaupstað. Var óskað umsagnar stjórnar byggðasafnsins á umsóknum þessum. Kom sú ósk frá bæjarstjóra Ísafjarðar. Þessir sóttu um starfið:

Jón Sigurpálsson

Börkur Gunnarsson

Guðmundur Ketill Guðfinnsson.

Stjórn safnsins er sammála um að mæla með Jóni Sigurpálssyni í starfið. Ákveðið var að senda bæjarstjórn bréf um þetta efni, sem varðveitt er í bréfbindi safnsins.

Stjórnin skipti þannig með sér verkum

Jón Páll Halldórsson, formaður

Hallgrímur Sveinsson, ritari

Pétur Kr. Hafstein, meðstjórnandi

Geir Guðmundsson, meðstjórnandi

Fleira gerðist ekki, Fundi Slitð

Hallgrímur Sveinsson, Jón Páll Halldórsson, Pétur Kr. Hafstein, Geir Guðmundsson

## 22. Fundur

Ár 1984, mið. 17. okt. kl 17:45 kom stjórn byggðasafns Vestfjarða saman til fundar í Faktorshúsinu í Neðstakaupstað að lokinni skoðunarferð í Turnhúsið. Formaður setti fund og bauð sérstaklega velkominn til starfa nýráðinn safnvörð, Jón Sigurpálsson.

Formaðurinn gerði grein fyrir friðun húsanna í Neðstakaupstað og ætlaði hlutdeild byggðasafnsins í framtíðarstörfum þeirra.

Rætt var um húsamál Byggðasafnsins og töldu menn rétt að stefna að því að fá núverandi húsnæði bókasafnsins til afnota fyrir safnið, þegar bókasafninu verður séð fyrir annarri aðstöðu.

Rætt var almennt um starfsemi Byggðasafnsins og hugsanleg verkefni þess svo sem sjóminjasafn og skíðasafn.

Fleira gerðist ekki, Fundi slitið.

Jón Páll Halldórsson, Geir Guðmundsson, Jón Sigurpálsson og Pétur Kr. Hafstein.

## 25. Fundur

Fundur var haldinn í stjórn Byggðasafns laugard. 15. sept. 1985. Mættir voru undirritaðir.

Þetta gerðist.

Jón Páll Halldórsson bauð fundarmenn velkomna en fundur var haldinn á skrifstofu hans.

Jón Páll bauð sérstaklega velkominn til starfa Jón Sigurpálsson safnvörð.

Jón Páll reifaði reikninga safnsins fyrir árið 1984. Niðurstöðulok sekitrar?reiknings er kr. 146.512,43.

Þá ræddi hann fjármál safnsins almennt. Urðu um þau nokkrar umræður. Samþykkt var að fara fram á viðeignaraðila safnsins að þeir greiddu kr. 10 pr. íbúa til rekstrar þess árið 1986.

Safnvörður gerði grein fyrir starfsemi safnsins frá því hann tók til starfa. Fram kom að mikið verk er fyrir höndum að skrásetja safnið svo vel sé. Mikið er til af óskráðum munum og ljósmyndasafnið algjörlega óskráð. Fram kom einnig að sýningar salurinn nýtist ekki nema á sumrin. Safnvörður fyrirhugar að halda ljósmyndasýningu í safninu í veturn. Á síðustu páskum setti safnvörður upp skíðasýningu á Hótel Ísafirði og féll hún í góðan jarðveg.

Samþykkt var að leggja áherslu á söfnun muna tengdum útgerð, sjósókn og fiskvinnslu.

Samþykkt var að leggja þunga áherslu á að koma hita á safnið fyrir veturn og beita til þess öllum ráðum. Samþykkt að fela Jóni Páli og safnverði að leita til Lionsklúbba, Rotary, Oddfellowa og Kiwanisklúbba á svæðinu með fjárfamlög í þessa skyni.

Jón Páll skýrði frá því að væntanleg væru í heimsókn Ella Marie Magerö og maður hennar. Samþykkt var að sýna þessum ágætu hjónum einhvern sóma.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Hallgrímur Sveinsson, Pétur Kr. Hafstein, Jón Páll Halldórsson, Geir Guðmundsson og Jón Sigurpálsson.

## 26. fundur

1986. Fundur var haldinn í stjórn Byggðasafnsins föstud. 30. maí.

Þetta gerðist:

Jón Páll bauð fundarmenn velkomna en fundurinn var haldinn á skrifst. hans.

Jón Páll lagði fram og skýrði reikninga safnsins fyrir 1985. Niðurstöðutala rekstrarreiknings er kr. 206.610.

Ræddar fjárveitingar til safnsins 1986.

Jón Páll lagði fram bréf til til þjóðminjav. viðvíkjandi rekstri safnsins og einnig svarbréf þjóðminjavárvörðar.

Þá lagði Jón Páll fram bréf til Sjávarútv. ráðuneytis viðvíkjandi ráðstöfun á eignum úreldingar góðs fiskiskipa. Stjórnin gekk frá umsókn um fjárveitingar af eftirstöðvum eigna sjóðsins.

Jón Páll skýrði frá heimsókn ellen Mariu og Harald Magerøy 21. sept. s.l. Taldi hann heimsókn þessa hafa í alla staði verið mjög ánægjuleg.

Safnvörður gerði grein fyrir starfsemi safnsins í veturn og því sem framundan er. Kvartaði safnvörður undan kulda í safninu en þau mál eru ennþá óleyst.

Ýmislegt fleira var rætt viðvíkjandi málefnum safnsins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Hallgrímur Sveinsson, Jón Páll Halldórsson, Geir Guðmundsson og Jón Sigurpálsson.

## 27. fundur

Ár 1987, sunnudaginn 17. maí kl. 13:30 setti Jón Páll Halldórsson fund í stjórn Byggðasafns Vestfjarða í skrifstofu sinni í húsnæði Norðurtangans h.f. á Ísafirði. Mættir voru auk Jóns Páls, Geir Guðmundsson, fulltrúi Bolungarvíkur, Hagalín Guðmundsson, fulltrúi Vestur-Ísafjarðarsýslu og Jón Sigurpálsson, safnvörður. Jón Páll Halldórsson er sem áður fulltrúi Ísafjarðarkaupstaðar í stjórninni. Varamaður hans er Guðni Hermannsson, varamaður Hagalíns er Steinar Guðmundsson og varamaður Péturs er Steinn Ingi Kjartansson. Um varamann frá Bolungarvíkurkaupstað er ekki vitað.

Jón Páll Halldórsson bauð menn velkomna til fundar og var gengið til dagskrár.

Stjórnin skipti þannig með sér verkum:

Formaður Jón Páll Halldórsson, ritari, Pétur Kr. Hafstein, meðstjórnendur Hagalín Guðmundsson og Geir Guðmundsson.

Formaður lagði fram og skýrði reikning Byggðasafns Vestfjarða fyrir árið 1986. Reikningurinn var samþykktur samhljóða með niðurstöðutökum tekna og gjaldamegin kr. 265.840,18

Rætt var um fjárveitingar til safnsins árið 1987. Framlög eignaraðila eru ókomin, eru ríkisstyrkurinn á fjárlögum er í samræmi við bréf safnsins til þjóðminjavárvörðar 16. júní 1986:

Gæslulaun (helm. launa gæslumanns) kr. 100.360.00

vegna innréttunar á Turnhúsi kr. 400.00

Samtals kr. 760.00

Þessar fjárhæðir eru utan við fjárrreiður safnsins samkvæmt ársreikningi en fara í gegnum bæjarstjórn Ísafjarðar.

Rætt um bréf safnsins til sjávarútvegsráðuneytisins 30. mars. 1986, samkvæmt slíkum 5 á stjórnarfundi sama dag. Formaður greindir frá því að sjávarútvegsráðherra hefði ákveðið að ráðstafa kr. 1.000.000 af eftirstöðvum útflutningssjóðs fiskiskipa til safnsins vegna sjóminjasafns í Turnhúsi. Formaður segir að ráðherra Halldór Ásgrímsson, myndi ef til vill koma til Ísafjarðar næstu daga til þess að afhenda þessa fjárhæð.

Þá var rætt um minningarsafn Jóns Sigurðssonar á Hrafntseyri. Formaður lagði fram afrit af bréfi þjóðminjavárvörðar, dags. 16.10 1986, til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu. Í bréfi þjóðminjavárvörðar var hafnað þeirri umleitan sýslunefndar Vestur – Ísafjarðarsýslu, að munir úr eigu Jóns Sigurðssonar yrðu fluttir úr þjóðminjasafni til varðveislu á Hrafntseyri. Í bréfinu var þeirri hugmynd varpað fram, að gerðar yrðu eftirlíkingar af hlutum Jóns Sigurðssonar í þjóðminjasafni og hafðar á Hrafntseyri, einsog

gert hefur verið í íbúð Jóns í kaupmannahöfn. Stjórn Byggðasafnsins mælir ekki með slíku og telur það ekki hafa safnagildi í sjálfu sér. Samþykkt var að fára safni Jóns Sigurðssonar á Hrafnseyri að gjöf rúmfjöl úr eign Byggðasafnsins, en átt hafði Margrétt Sigurðardóttir, systir Jóns Sigurðssonar. Sýslumaður mun afhenda gjöfina á aðalfundi sýslunefndar Vestur – Ísafjarðarsýslu, sem haldinn verður að Hrafnseyri 11-12. júní 1987.

Jón Sigurpálsson safnvörður, gerði grein fyrir starfsemi Byggðasafnsins frá síðasta fundi. Haldið hefur verið áfram með endurbætur á Turnhúsi og sett gólf á neðstu hæð. Upphitun hefur verið komin fyrir í herbergi safnvarðar í húsnæði Byggðasafnsins og geymslu, þar sem aðstaða er nú til skjalavörslu safnsins. Skíðasýning var sett upp í safninu um síðustu pásku, og stendur hún enn. Þá hefur safnvörður unnið að viðgerð ýmissa hluta safnsins að undanförnu.

Rætt var um að fára muni safnsins, en tengjast sjávarútvegi og fiskvinnslu af lofti Byggðasafnsins í Turnhúsið, þ.á.m. sexærингуринн. Safnavörður sagði að þess kynni að vera kostur fyrir safnið að eignast smiðju Guðmundar Marsellíussonar í Neðstakaupstað, sem væri ein af örfáum eldsmiðjum, sem eftir væru. Stjórnarmenn lýstu áhuga sínum á því.

Þá var fundi frestað og skoðað Byggðasafnið og Turnhúsið.

Að skoðunarferð lokinni var fundi áfram haldið í Faktorshúsini í Neðstakaupstað.

Samþykkt var að flytja alla muni Byggðasafnsins er tengjast sjávarútvegi, bæði veiðum og fiskvinnslu í Turnhúsið. Stefnt skal að opnun sjóminjasafns þann 18. ágúst 1987.

Samþykkt var að athuga með að fá Quintin Bates, sem býr á Ísafirði um þessar mundir til að gera líkan að togveiðarfærum fyrir sjóminjasafnið, en slíkt líkan er uppi á sjómannastofunni.

Að lokum voru Jóni Sigurpálssyni safnverði þökkuð mikil og góð störf við safnið. Stjórnarmenn voru á einu máli um, að Byggðasafnið hefði tekið miklum stakkaskiptum á starfstíma hans. Safnvörður lýsti þeirri skoðun sinni að brýnt væri að koma safninu meira og betur á framfæri við almenning, t.d. með því að sýna muni tengda bókagerð á bókasafninu og lækningamuni á sjúkrahúsinu. Með slíkum hætti og almennri kynningu væri þess helst að vænta, að almenningur sýndi safninu jákvæð viðbrögð.

Stjórnarmenn tóku mjög undir þessi sjónarmið.

Formaður sleit fundi kl 16:10

Þannig fram farið

Pétur Kr. Hafstein.

## 28. Fundur

Ár 1988, laugardagurinn 14. maí, kl. 16.00 kom stjórn Byggðasafns Vestfjarða saman í skrifstofu formanns, Jón Páls Halldórssonar. Mættir voru undirritaðir aðalmenn auk safnvarðar.

Formaður setti fund, bauð menn velkomna og lagði fram og skýrði reikninga safnsins 1987.

Reikningurinn var samþykktur samhljóða með niðurstöðutölu tekna- og gjaldamegin kr. 1.476.009,07.

Rætt var um fjárveitingar til safnsins á árinu 1988. Formaður kvaðst gera ráð fyrir allt að kr. 150.000 í framlögum á árinu.

Safnvörður gerði grein fyrir starfsemi safnsins á liðnu starfsári.

Rætt var um flutning sjóminjadeilda safnsins í Turnhúsið í Neðstakaupstað og formlega opnun þeirrar deildar á Sjómannaháslagiinn 5. júní 1988. Ákveðið var að opnun fari fram kl. 17:00 laugardaginn 4. júní og verði þáttur í hátíðahöldum Sjómannaháslagsins. Gert er ráð fyrir því, að ávörp flytji fulltrúar frá stjórn safnsins, bæjarstjórn Ísafjarðar, Norður- og Vestur Ísafjarðarsýslu og Sjómannasamtökunum.

Þá verði sérstaklega boðið til hátíðarinna sjávarútvegsráðherra, þjóðminjaverði, Hjálmar R.

Bárðarsyni og Guðmundi Marzellíussyni. Þá verði karlakórar (Ísafjarðar og Bolungarvíkur fengnir til að syngja nokkur lög).

Rætt var um framkvæmdir í sumar og starfsemi safnsins. Ákveðið var að hafa safnið við Austurveg ekki opið í sumar en leggja áherslu á kynningu sjóminjadeildarinnar. Þangað verði fluttur sexærингуринн úr húsnæðinu við Austurveg. Sjóminjasafnið verði opið fjórar klukkustundir dag hvern og verði þar safnvarsla.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:15.

Jón Páll Halldórsson, Pétur Kr. Hafstein, Geir Guðmundsson, Hagalín Guðmundsson og Jón Sigurpálsson.

Að fundi loknum var haldið niður í Turnhús til viðræðna við fulltrúa hinna ýmsu sjómannasamtaka á svæði Byggðasafnsins.

## **29. fundur**

Ár 1989, mánudaginn 5. júní kl. 20:30 kom stjórn Byggðasafns Vestfjarða saman til fundar í Faktorshúsinu í Neðstakaupstað. Mættir voru undirritaðir stjórnarmenn auk safnvarðar. Formaður, Jón Páll Halldórsson, setti fund og lagði fyrst fram reikninga safnsins árið 1988 auk skýrslu endurskoðanda, Guðmundar E. Kjartanssonar, dags. 27. janúar 1989. Rætt var um fjárveitingar til safnsins árið 1989 en nokkur óvissa ríkir enn í þeim eftum. Formaður gerði grein fyrir gjöf frá Vélbátaábyrgðarfélagi Vestfirðinga 16. október 1988 að fjárhæð kr. 200.000, er renna skal þess að styrkja sjóminjasafnið. Þá gerði formaður grein fyrir gjöf frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna í tilefni af 50 ára afmæli samtakanna 17. janúar 1989 að fjárhæð kr. 1.000.000. Þessari gjöf skal verið til eflingar sjóminja. Formaður hefur þegar fært gefendum tveggja framangreindra gjafa skriflegar þakkir stjórnar. Safnvörður gerði grein fyrir starfsemi safnsins á liðnu starfsári. Rætt var um tölvukaup safnsins fyrir skömmu og nauðsyn nýrrar skráningar muna safnsins samkvæmt forriti frá Þjóðminjasafni Íslands. Rætt var um yfirstandandi og fyrirhugaðar framkvæmdir safnsins. Í vinnslu er sérstakur bæklingur til skýringa á munum í Sjóminjasafninu auk annarra upplýsinga um Byggðasafnið. Ákveðið var að hafa bæklinginn til sölu í safninu fyrir kr. 200 hvert eintak en heimta ekki sérstakan aðgangseyri af gestum. Þá var samþykkt að gefa jafnframt út fjögur póstkort með gömlum myndum úr eigu safnsins og hafa til sölu. Sjóminjasafnið verður opið í sumar frá kl. 13:00 til kl. 17:00 alla daga nema mánudaga. Ákveðið var að hafa safnið við Austurveg ekki opið í sumar nema fyrir sérstaka hópa eftir nánara samkomulagi við safnvörð hverju sinni. Stjórn Byggðasafnsins telur mjög brýnt að vinna að því, að öll starfsemi safnsins flytjist niður í Neðstakaupstað og telur formanni og safnverði að vinna frekar að því máli. Fleira var ekki gert. Fundargerð var lesin og samþykkt. Fundi var slitið kl. 22:10. Jón Páll Halldórsson, Steinar Guðmundsson, Geir Guðmundsson, Jón Sigurpálsson og Pétur Kr. Hafstein.

## **30. fundur**

Ár 1990, mánudaginn 14. maí kl. 17:00 kom stjórn Byggðasafns Vestfjarða saman til fundar á skrifstofu formanns. Mættir voru undirritaðir aðalmenn auk safnvarðar. Formaður, Jón Páll Halldórsson, setti fund og lagði fram reikning safnsins fyrir árið 1989. Reikningarnir voru undirritaðir. Rætt var um fjárveitingar til safnsins árið 1990. Lagt var fram gjafabréf Torfa Björnssonar, dags. 7. mars 1990, þar sem hann gefur safninu vélbátinn Örn ÍS-18, sem er 19 lesta fiskibátur smíðaður í Skipasmíðastöð M. Bernharðssonar h.f. á Ísafirði árið 1942. Í gjafabréfinu eru sett fram tiltekin skilyrði um að báturinn verði varðveisst í tengslum við sjóminjadeild safnsins í Neðstakaupstað. Samþykkt var að veita gjöfinni viðtöku og formanni falið að koma á framfæri þakklæti Byggðasafnsins. Safnvörður gerði grein fyrir starfssemi safnsins á liðnu ári og lagði fram annál, dags. 9. febrúar 1990. Rætt var um þau verkefni, sem framundan eru m.a. nauðsyn á merkingu safngripa í sjóminjasafninu! Ákveðið að opna að nýju sjóminjasal safnsins í sundhellarbyggingunni eftir tveggja ára lokun. Formaður kynnti ný þjóðminjalög nr. 88/1989. Að svo búnu sleit formaður fundi kl. 19:15. Jón Péll Halldórsson, Steinar Guðmundsson, Geir Guðmundsson, Jón Sigurpálsson og Pétur Kr. Hafstein.

### **31. fundur**

Ár 1991, fimmtudaginn, 2. maí kl. 17:30 kom stjórn Byggðasafns Vestfjarða saman á skrifstofu formanns. Mættir voru undirritaðir aðalmenn auk safnvarðar.

Þetta var gert:

Lagðir fram reikningar safnsins 31. desember 1990 ásamt áritun endurskoðanda 7. febrúar 1991. Reikningarnir voru undirritaðir.

Rætt var um fjárveitingar til safnsins árið 1991.

Undirritað bréf, sem sent mun verða öllum útgerðum og skipshöfnum á svæðinu, þar sem þeirri hugmynd er varpað fram, að sjómenn og útvegsmenn bindist samtökum og ? safninu til reksturs sjóminjadeildarinnar, einskonar afmælisgjöf í tilefni sjómannadagsins ár hvert, t.d. ákveðinn kílóafjölda eða hundraðshluta úr seinustu veiðiferðinni fyrir sjómannadaginn.

Safnvörður gerir grein fyrir útgáfu átta póstkorta til fjárlunar fyrir safnið.

Safnvörður gerir grein fyrir starfsemi safnsins á þessu ári, þ.á.m. safnakennslu á liðnum vetri fyrir nemendur Grunnskólans á Ísafirði. Þá gat hann þess, að bæjarstjórn hefði fest kaup á eldsmiðju M. Bernharðssonar h.f. og fengið safninu meginhluta þess til umráða. Jafnframt er bæjarstjórn að koma þar upp hreinlætisaðstöðu fyrir gesti safnsins.

Sjóminjasafnið verður opið í sumar frá og með 1. júní milli kl. 13 og 17. Safnið við Austurveg verður opnað 17. júní og verður opið milli kl. 13 og 16.

Lagt fram bréf frá Sparisjóði Önundarfjarðar dags. 2. maí 1991, þar sem þess er óskað að Byggðasafn Vestfjarða hafi í samráði við stjórn Minjasjóðs Flateyrar yfirumsjón með því að koma á fót vísi að minjasafni í Hafnarstræti 47 á Flateyri. Samþykkt að verða við erindinu og bent á, að auk sögu Flateyrar væri æskilegt, að þarna yrði lögð sérstök áhersla á verslunarsögu.

Hinn 23. júlí n.k. eru 50 ár liðin frá því, að stofnað, var Byggða- og sjóminjasafn Ísafjarðar af því tilefni var formann falið að ?? héraðsnefnd Ísafjarðarsýslu og fara fram á aukin framlög aðildar sveitarfélaga heimav?

Safnvörður gat þess að Tryggvi Ólafsson, listmáli, hefði gefið safninu 150 veggspjöld til frjálsra nota. Listamanninum eru færðar bestu þekkir fyrir hlýhug og vinsemd í garð safnsins.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 18:50. Upplesið. Staðfest rétt.

Jón Páll Halldórsson, Geir Guðmundsson, Steinar Guðmundsson, Jón Sigurpálsson og Pétur Kr. Hafstein.

### **32. fundur**

Ár 1993, laugardaginn 30. október kl. 13:30 kom stjórn Byggðasafns Vestfjarða saman á skrifstofu formanns.

Mættir eru undirritaðir aðalmenn, ásamt safnverði.

Þetta gjört:

Lagðir fram ársreikningar Byggðasafnsins fyrir árin 1991 og 1992. Reikningarnir yfirfarnir og samþykktir, og síðan undirritaðir.

Fjárveitingar til safnsins fyrir árið 1993 ræddar.

Lögð fram tillaga um að afhenda Héraðsskjalasafni Ísfirðinga ljósmyndasafn Byggðasafnsins til varðveislu.

Stjórn Byggðasafns Vestfjarða samþykkir að afhenda Héraðsskjalasafni Ísfirðinga allan umráðarétt yfir ljósmyndasafni Byggðasafnsins, þar sem stjórn telur að Héraðsskjalasafnið hafi nú betri aðstöðu til að láta skrá það og hagnýta það.

Héraðsskjalasafnið er eigandi plötusafns Björns Pálasonar og M. Simsons og því eðlilegast að sami aðili hafi einráðarétt yfir báðum söfnunum.

Stjórn Byggðasafnsins áskilur sér þó rétt til að nota safnið án endurgjalds, ef hún þarf að halda.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Safnvörður gerði grein fyrir starfsemi safnsins á þessu ári.

Lagðar fram teikningar og hugmyndir um framtíðarskipulag safnsins á Neðstakaupstaðarsvæðinu.

Hér var mættur á fundinn Hjörleifur Stefánsson arkítekt. Hann skýrði mönnum teikningarnar og þær hugmyndir sem eru svæðinu tengdar. Hann lagði einnig fram greinargerð um framdrög að sýningarhúsi og geymslum Byggðasafns Vestfjarða í Neðstakaupstað á Ísafirði.

Stjórnin samþykkti að fela formanni og safnverði að kynna þessar frumtillögu Hjörleifs fyrir bæjarstjórn og skipulagsyfirlöldum Ísafjarðarkaupstaðar, með tilliti til skipulags og landnýtingar á Neðstakaupstaðarsvæðinu.

Fundargerðin uppliesin og samþykkt.

Fleira ekki gert, og fundi slitið kl. 15:58.

Jón Páll Halldórsson, Steinn Kjartansson, Geir Guðmundsson, Steinar Guðmundsson, Jón Sigurpálsson og Hjörleifur Stefánsson.

### **33. fundur**

Ár 1994, sunnud. 11. júní kl. 17:00 var haldinn fundur í stjórn Byggðasafns Vestfjarða á skrifstofu formanns stjórnarinnar. Form. setti fundinn og auð fundarmenn velkomna og sérstaklega nýjan safnvörð Jónu Bjarnadóttir.

Þetta gjört:

Ársreikningar safnsins fyrir árið 1993 ásamt áritun endurskoðenda. Reikningurinn yfirfarinn og síðan samþykktur samhljóða og áritaður af stjórnarmönnum.

Fjárveitingar til safnsins árið 1994. Engar nýjar fjárveitingar eru sjáanlegar á þessu ári. Rætt var um að leggja aukna áherslu á að fá fjárveitingar til fyrirhugaðra byggingaframkvæmda á næsta ári.

Safnvörður gerði grein fyrir starfsemi safnsins í vetur, einnig hvað liði útgáfu á fyrirhuguðum kynningarbæklingi um safnið. Þar sem safnvörður Jón Sigurpálsson mun fá sex mánaða leyfi frá störfum, þar sem hann fer á starfslaun listamanna, hafa hann og form. fengið Jónu Bjarnadóttur til að leysa hann af þennan tíma.

Lagt fram bréf frá Skjalasafni Ísfirðinga varðandi ljósmyndasafnið, hóf fund 30/10 '93. Jón Sigurpálsson upplýsti stjórnina um málaleitan af hálfu eigenda. „Bjálkahús“ á Þingeyri, að hann yrði þeim til aðstoðar við endurbætur á því, og einnig þá hugmynd að Byggðasafn Vestfjarða fengi þarna sýningaraðstöðu. Form. upplýsti um gjöf til safnsins frá Vestfirðingafélaginu í Reykjavík að upphæð 31.000 kr. sem var andvirði af sölu sóknarlýsinga Vestfjarða, sem félagið út á sínum tíma.

Fundargerð uppliesin og samþykkt. Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:40.

Jón Páll Halldórsson, Steinn Kjartansson, Steinar Guðmundsson, Geir Guðmundsson, Jón Sigurpálsson og Jóna Símonía Bjarnadóttir.

### **34. fundur**

Ár 1996, fimmtudaginn 25. apríl kl 17:00 var fundur settur í stjórn Byggðasafns Vestfjarða. Fundurinn er haldinn á heimili formanns að Engjavegi 14, Ísafirði. Mættir eru undirritaðir.

Þetta gert:

Reikningar safnsins fyrir árin 1994 og 1995 lagðir fram, ásamt áritum endurskoðanda. Reikningarnir samþykktir samhljóða og síðan áritaðir.

Fjárhagsstaða safnsins rædd, ásamt fjárveitingum til þess.

Formaður lagði fram tillögu um nýbyggingu fyrir safnið á Neðstakaupsstaðarsvæðinu, skv. tillöguuppdrætti Hjörleifs Stefánssonar arkitekts. Tillagan rædd og síðan borin undir atkvæði og samþ. samhljóða og samþ. að líma hana hér nú í bókina þar sem hún lá fyrir vélrituð.

Tillaga

STJÓRN BYGGÐASAFNS VESTFJARÐA vekur athygli eignaraðila safnsins á ákvæðum þjóðminjalaga nr. 88/1989 þar sem segir, að hverju byggðasafni beri að leggja áherslu á söfnun og sýningu muna, sem telja megi einkennandi eða hafi sögulegt gildi fyrir hlutaðeigandi byggðarlag og landsfjórðung.

Ennfremur að söfnin skuli vera til sýnis almenningi á tilteknum tímum. Gert er ráð fyrir, að safnið á Ísafirði sé miðsafn fyrir þetta byggðarlag.

Sýningarhúsnæði safnsins á sundhallarloftinu er nú ekki lengur viðurkennt sem sýningarhúsnæði. Af þeirri ástæðu er ekki lengur unnt að hafa þann hluta safnsins opinn fyrir gesti. Aftur á móti hefir

sjóminjadeild safnsins í Neðstakaupstað hlotið viðurkenningu þjóðminjaráðs, skv. 6. gr.

þjóðminjalaga, og getur safnið því sótt um styrk úr ríkissjóði til starfsemi sinnar.

Til þess að hægt sé að uppfylla ákvæði þjóðminjalaga leggur stjórn safnsins til, að stefnt verði að nýbyggingu fyrir safnið á Neðstakaupstaðarsvæðinu, skv. tillöguuppdrætti Hjörleif Stefánssonar, arkitekts, sem stjórnin hefir kynnt fyrir bæjarráði Ísafjarðar.

Stjórn safnsins leggur því til, að eignaraðilar þess taki inn fjárhagsáætlun næsta árs framlag til nýbyggingar fyrir safnið. Jafnframt verði sótt um styrk úr ríkissjóði, en skv. 13. gr. þjóminjalaga á safnið kost á að fá styrk úr ríkissjóði, allt að einum þriðja hluta kostnaðar, enda samþykkti þjóðminjaráð húsnæðið og stofnkostnað.

Formaður fór yfir og greindi frá ýmsum gjöfum sem safninu hefur áskotnast, m.a. bátslíkönum.

Safnvörður gerði grein fyrir væntanlegri starfsemi safnsins á komandi sumri.

Rætt um sýningar á Hrafnseyri og í Vigur á komandi sumri.

Framtíð safnsins á Sundhallarloftinu. Ljóst þykir að sú starfsemi safnsins þarna verði ekki til frambúðar, bæði vegna þess að notkun hússins verði breytt í þágu Grunnskólans á Ísafirði, og mikils óhagræðis í aðstöðu.

Rætt um endurbyggingu safnsins á Flateyri. Í því sambandi var lagt fram afrit af bréfi Guðmundar Björguninara?? til Minjasjóðs Önundarfjarðar. Stjórn Byggðasafns Vestfjarða telur eðlilegt að stefnt verði að því að endurbyggja safnið á Flateyri, en eðlilega verði heimamenn að velja því stað.

Formaður upplýsti að altaristafla úr Staðarkirkju í Aðalvík hafi verið lánuð Sóknarnefnd Ísafjarðarsóknar, með leyfi Prófasts Ísafjarðarprófastsdæmi sbr. framlagt bréf prófasts, dags. 12. des 1995.

Í ljósi aukinnar starfsemi safnsins þá vakti safnvörður athygli stjórnarinnar á því að þar sem hann sé eingöngu í hálfs dags starfi við safnið, sé bráð nauðsyn að fá aukinn starfskraft að safninu.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:30.

Jón Páll Halldórsson, Steinn Kjartansson, Geir Guðmundsson, Steinar Guðmundsson og Jón Sigurpálsson.

### **35. fundur**

Fyrsti fundur nýskipaðrar stjórnar 14.06.2005. kl. 16:00. Nýskipuð stjórn kom saman í Neðstakaupstað. Mættir voru undirritaðir.

Stjórn skipti með sér verkum. Samþykkt var að Guðfinna Hreiðarsdóttir yrði formaður, ritari var kosinn Dagbjört Hjaltadóttir, varaformaður Magnús Ól. Hansson.

Áður var sameiginlegur fundur með bygginganefnd Byggðasafns Vestfjarða þar sem ræddir voru möguleikar á rekstri nýbyggingar byggðasafnsins. Ákveðið að hittast að viku liðinni þriðjudaginn 21. júní.

Stjórnin á eftir að fá erindisbréf og óskar eftir að það liggi fyrri hið fyrsta.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.

Guðfinna Hreiðarsdóttir

Sigurdís Samuélsdóttir

Magnús Ólafs Hansson?

### **36. fundur**

21. júní 2005 kl. 17:00. 2. fundur, Tjöruhúsið, Neðstakaupstað, Ísafirði. Mættir eru Magnús Ólafs Hansson, Sigurdís Samuélsdóttir, Björgmundur Örn Guðmundsson, Sigmundur Þórðarson, Guðfinna Hreiðarsdóttir og Jón Sigurpálsson. Björgmundur upplýsti að hann hefði rætt við Guðmund endurskoðanda sem sagði að ef rekstraraðili væri fenginn til að reka nýbygginguna þá næðist ekki virðisaukahagræðing. Heldur næðist helst hagræði með hagstæðari lánum. Einnig var kannað hvort styrkurinn sem búið er að fá til byggingarinnar yfir afturkallaður ef einkaaðili ræki húsið (keypti það) svo er ekki. Líkur eru á að leiga fyrir húsið ef einkaaðili ræki það yrði á bilinu 0,77-0,8 % að byggingarkostnaði.

Málin rædd fram og til baka. Magnús stakk upp á að halda fund með þingmönnum, sveitastjórnarmönnum og öðrum hagsmunaaðilum fyrir opnun sem verður 2. júlí kl. 14:00 og ræða við þá um fjármögnun á húsinu. Vilji er fyrir að fá Þorgerði Katrínu til að halda tölu við opnun hússins. Niðurstaða fundarins virðist vera að reyna að fjármagna áframhaldandi byggingu og eiga húsið heldur en að selja það og leigja síðan.

Jón ætlar að senda út boðskort fyrir opnun hússins, tala við menntamálaráðherra og fl. varðandi opnun 2. júlí.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:30.

Guðfinna Hreiðarsdóttir, Sigmundur F. Þórðarson, Magnús Ólafs Hansson, Björgmundur Örn, Sigurdís Samúelsdóttir, Jón Sigurpálsson.

### **37. fundur**

Bolungarvík 25. okt. 2005, 3. fundur.

Staða stjórnar.

Formaður greindi frá því að enn vantaði erindisbréf stjórnar en það mun vera í smíðum. Ekki verður rætt um stefnumótun á meðan erindisbréf vantar.

Safnahús, nýbygging.

Sem stendur vantar fjármagn til frekari framkvæmda og ljóst er þörf er á frekari fjárramlögum ef halda áfr. frekar framkvæmdum. Rætt var um hvernig fjármagna megi innréttigar í nýbygginguna. Tilboð frá Isold í hillur í helming hússins upp á rúmar 700.000 kr. Björn hafði farið suður og litist vel á. Geta má að Þjóðminjasafnið notar svona stálhillur.

Rætt var um kaup á miðlægum gagnagrunni svo hlutirnir veðri skráðir inn í safnið á réttan hátt.

Forritið Sarpur er eitt slíkt. Guðfinna gerði að tillögu sinni að hillurnar yrðu keyptar og leitað verði leiða til að fjárm. kaupin. Var það samþykkt.

Fjármál safnsins

Flutningur bókhalds safnsins frá Ísafj. bæ sem stendur er bókhald safnsins fært á tveimur stöðum og því erfitt að fylgjast með stöðunni. Eðlilegra væri að safnið sjálft sæi um bókhaldið alfarið. Lagt var til að Löggiltir endurskoðendur á Vestfjörðum sjái um bókhaldið.

Farið yfir tekjur og gjöld safnsins. Launakostnaður er stór liður í gjöldum safnsins. Ísafjarðarkaupst. hefur fellt niður fasteignagjöld safnsins og munar miklu um þann styrk. Af öðrum gjöldum má nefna rafmangskostnað og hafnargjöld.

Ýmis verkefni safnsins rædd, m.a. Verkefnið Gullkistan sem gengur út á að nota gamla báta undir ferðamenn til að skoða útgerð fyrri ára. Á næsta ári verður síminn á Íslandi 100 ára og rætt var um hvernig halda megi veglega upp á það. Til stendur að fela safninu að koma upp sýningu um gömlu bókabúðina á Flateyri. Byggðasafnið á flesta muni sem eru á Hrafnseyrarsafninu í burstabænum. Framundan eru líflegir tímar í tengslum við það safn. Ljúka þarf vinnu við Litlabæ í Skötufirði (Þjóðminjasafnið óskar eftir aðstoð byggðasafnsins til að ljúka við verkið). Nefna má að gerð var uppskriftabók með saltfiskréttum. Sett var upp sýning um norsku kataloghúsin. Af norskum rótinni, safnvarðasýningin „í hlutanna eðli“.

Önnur mál.

Magnús færði fundarmönnum kveðjur frá Kristjáni Ólafssyni frá Hornvík sem færir safninu gamlar bækur að gjöf. Kristján hefur áhuga á að gefa safninu orgel sem Arthur Gook trúboði og hómópati átti, en hann ferðaðist um landið með orgelið.

Búvéla og tækjasafn Jóns Guðna Guðmundss. óskar eftir aðstoð Byggðasafnsins til að útvega fjármuni til að halda áfram vörslu og uppgerð gamalla véla og farartækja.

Stjórnarmenn eru tilbúnir til að skoða möguleika á samstarfssamningi sem báðir aðilar hefðu hag af. Fleira ekki gert – fundi slitið.

Guðfinna Hreiðarsdóttir. Dagbj. Hjaltadóttir, Magnús Ólafs Hansson, Björn Baldursson og Jón Sigurpálsson.

### **38. Fundur**

Flateyri 8. des. 2005, 4.fundur stjórnar. kl 17:30

Stjórn Byggðasafns Vestfj. hitti stjórn Minjasjóðs Önundarfjarðar að Hafnarstræti 3-4 Flateyri, þar sem fundað var um ýmis mál er varða verslunina Bræðurnir Eyjólfsson, en minjasjóður vinnur nú að því að koma þar upp sérstöku verslunarsafni sem einnig mun geyma upplýsingar um sögu og þróun byggðar við Önundarfjörð. Rætt um að koma Byggðasafns Vestfj. að þessu einstaka safni á Flateyri er fellst í aðstoð og ráðgjöf við sýningarhalds og skrásetningu muna. Var svo haldinn stjórnarfundur í stjórn B.V.

Formaður kynnti drög að erindisbréfi fyrir stjórn B.V.

Fjárhagsáætlun, drög að fjárhagsáætlun lögð fram.

Önnur mál. Minjasafn S.V.F.Í. Slysavarnarfél. Íslands á safn muna um slysavarnir. Óskað hefur verið eftir við S.VF.Í að þessu safni verði fundinn staður á Vestfjörðum. Svar hefur ekki borist.

Styrkir frá fjárlaganefnd.

Í nýbyggingu safnsins 4. millj.

Í Sædísí ÍS. 67, 3,5 millj.

Í áhugafélag um Maríu Júlíu 3. millj.

Tillögur um endurbyggingu Maríu Júlíu, Magnús Hansson vill að sérstök 7 manna nefn verði skipuð um verkið. Þar komi að fulltrúar frá sýslumannsembættum Barðastranda – og Ísafjarðarsýslu, Slysavarnafélags á Vestfjörðum, Landhelgisgæslu, og Hafrannsóknarstofnum. Samþykkt var að kynna þessar tillögur fyrir forráðamönnum Minjasafns Egils Ólafssonar á Hnjóti sem er annar eigandi að B/S Maríu Júlíu.

Fleira ekki gert, fundi slitið

Guðfinna Hreiðarsdóttir, Dagbjört Hjaltadóttir, Jón Sigurpálsson, Magnús Ólafs Hansson, Björn Baldursson.

### **39. Fundur**

Súðavík 24. janúar 2006 kl 17:00, 5. fundur stjórnarfundur Byggðasafns Vestfjarða.

Stefnumótun. Starfsmönnum safnsins var falið að fara yfir stefnumótun safnsins og fyrstu drög lögð fyrir fundinn. Ákveðið var að hittast 3. feb. kl. 17:00 þegar fólk hefur kynnt sér málið.

Kaup Byggðasafnsins á aðgangi að Sarpi. Um leið og tölvunettenging verður komið á mun skráning gagna hefjast. Fram kom að Björn mun fara á námskeið í forvörslu og frágangi muna í byrjun mars. Starfsemi Byggðasafnsins á komandi sumri. Rætt var um ýmislegt sem gert hefur verið undanfarin sumur og hvað elgi að endurtaka. T.d.

Skíðahlaupið 200 skrefa hlaup og rennsli með sneiðingi.

Saltfiskveislan

að koma að Ísafjarðardögum

vinna við Litlabæ

Gullkistan (ásamt atvinnuþr.fél)

Móttaka á skemmtiferðaskipum

skráning muna og að koma sér fyrir í nýju húsnæði.

Maria Júlíá.

Drög að erindisbréfi fyrir uppbyggingarnefnd B/S Maríu Júlíu lögð fram. Samþ. með smávægilegri viðbót.

Magnús tekur að sér að tala við væntanlega nefndarmenn.

Önnur mál.

Rætt um Eyrarbæinn, og teikningar af fyrirhuguðum (Breytingum) uppbyggingu. Safnið er tilbúið til samstarfs um bæinn.

Rætt um kynningarbaekling um söfnin á svæðinu, þar sem öll söfnin eru kynnt.

Stjórn safnsins var sammála um að senda Símanum tillögur og fjárhagsáætlun 100 ára afmælis símans samkv. 4. fundi stjórnar.

Gjöf frá Útvegs-og vinnuveitendafélags vestfjarða. Byggðasafnið hefur hlotið að gjöf vandaða tölvu ásamt skanna og prentara sem mun koma sér vel við skráningu muna. Formanni falið að skrifa þakkarbréf.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00

Guðfinna Hreiðarsdóttir, Dagbjört Hjaltadóttir, Magnús Ólafs Hanssonar, Jón Sigurpálsson, Björn Baldursson

#### **40. Fundur**

Fundur í Safnahúsinu á Ísafirði. 3.2.2006. kl 17.

Mætt voru undirrituð.

Heimsókn starfsmanna Slysavarnarfélags Íslands mánud. 6. feb. 06 vegna viðræðna um staðsetu Minjasafns Slysavarnarfélags. Kl 13:30 á bæjarstjórnarskrifstofu. Ræddar voru ýmsar mögulegar staðsetningar safnsins m.a. á Ísafirði, Súðavík og á Þingeyri.

Erindisbréf fyrir Uppbyggingarnefnd B/S Maríu Júlíu. Enn og aftur farið yfir drög að erindisbréfi fyrir nefndina, en í henni eru:

Jón Guðbjartsson S.V.F.Í, Aðalsteinn Magnússon S.V.F.Í, Kristján Gunnarsson S.V.F.Í. Vignir Thoroddsen Hafró, Þórólfur Halldórsson, sýslum. og Sigríður B. Guðjónsdóttir. sýslum. og Georg Lárusson L.H.G.

Safnastefna. Farið yfir safnastefnu og ýmsar lagfæringar gerðar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 18:50

Guðfinna Hreiðarsdóttir, Dagbjört Hjaltadóttir, Magnús Ólafs Hanssonar, Jón Sigurpálsson, Björn Baldursson

#### **41. Fundur**

7.Fundur, Patreksfirði 18. mars. 2006 kl 13:30. Sameiginlegur fundur Byggðasafns Vestfj. og Minjasafns Egils Ólafss. Mættir voru undirritaðir. Þuríður bauð fundarmenn velkomna og þakkaði höfðinglegar móttökur, en um 50. manns eru viðstaddir undirritun erindisbréfs Uppbyggingarnefndar B.S. Maríu Júlíu. Rætt var um tengsl safnanna við uppb. nefndina og seturétt á fundum hennar til að tryggja upplýsingaflæði til safnanna. Ólafur Egilsson var ekki á fundinum og voru honum færðar kveðjur frá fundarmönnum. Rætt var um samskipti og samstarf milli Vestur- og Norðursvæðisins og talið gott að hittast árlega.

Fundargerð upplesin og samþ.

Guðfinna Hreiðarsdóttir, Dagbjört Hjaltadóttir, Magnús Ólafs Hanssonar, Jón Sigurpálsson, Björn Baldursson, Birna Kristín Lárusdóttir, Þuríður Ingimundardóttir, Lilja Magnúsdóttir.

#### **42. Fundur**

8.fundur (nýrrar stjórnar), Safnahúsinu Ísafirði 31. mars 2006 kl 17:00

1. Breytt eignarhald á nýbyggingu Byggðasafns í Neðstakaupstað. Erindi hefur borist frá bæjarstjórn Ísafjarðarb. þar sem gert er grein fyrir að Ísafjarðarbær taki yfir nýbyggingu Byggðasafns Vestfj. ásamt öllum skuldbindingum og mun B.S. framvegis greiða leigu fyrir safnið. Öll umsýsla og bókhald verður framvegis í höndum Ísafjarðarbæjar. Endurskoðandi Byggðasafnsins Guðmundur Kjartansson mun ganga frá öllum gögnum varðandi reiknisskil nýbyggingarinnar og afhenda Ísafjarðarbæ safnstjóra falið í samráði við byggingarfulltrúa Ísafjarðarbæjar að ganga formlega frá skráningu nýbyggingarinnar í fasteignarmati þar sem Ísafjarðarbær er skráður eigandi.

- 2. Safnahús, nýbygging- staða framkv. Rætt um stöðu framkvæmda við nýbygginguna þ.e framhaldið. Safnstjóra falið að ræða eignarsjóð Ísafjarðarbæjar um áframhaldandi framkvæmdir.
- 3. Gamli slippurinn á Suðurtanga á Ísafirði – óskað umsagnar stjórnar. Tekið fyrir bréf frá bæjarráði Ísafjarðar þar sem óskað er umsagnarstj. B.V. um möguleg kaup Ísafjarðarbæjar á gamla slippnum á Suðurtanga 2-A sem Sæfari, félag áhugamanna um sjósport á Ísafirði er eigandi að. Stjórn B.V. telur engan vafa á sögulegu gildi Slippins þar sem hann er fyrsti

slíppur landsins og telur mikilv. að hann verði varðveittur og framtíð hans tryggð. Ljóst er að slíppurinn fellur vel að umhverfi og starfsemi safnsins í Neðstakaupstað þar sem friðlýstu húsin í Neðstakaupstað eru í eigu Ísafjarðarbæjar, teljum við ekki óeðlilegt að gamli slíppurinn lúti sömu lögmálum.

- 4. Ferð safnvarða á ráðst. í Finnlandi. Jón greindi frá Strandmenningarverkefni sem B.V. er þáttakandi í ásamt safninu á Hnjóti, Byggðasafni Húnvetninga og Strandamanna. Farið verður til Finnlands fyrir styrk sem fékkst frá Fjórðungssambandi Vestfjarða. Þetta er níu landa verkefni um strandmenningu. Ráðstefnan í Finnlandi verður dagana 4-9 apríl.
- 5. Afhending erindisbréfa til stjórnamanna. Formaður las upp bréf frá bæjarstjórn Ísafjarðar og hreppsnefnd Súðavíkur um erindisbréf fyrir Stjórn Byggðasafns Vestfjarða.

Fundi slitið kl 18:45

Guðfinna Hreiðarsdóttir, Dagbjört Hjaltadóttir, Magnús Ólafs Hanssonar, Jón Sigurpálsson, Björn Baldursson

Búið að greiða fyrir fundasetu frá 1. til og með 8. fundi.

#### **43. Fundur**

9.fundur (nýrrar stjórnar) Byggðasafns Vestfjarða á skrifstofu bæjarstjóra, Stjórnsýsluhúsinu Ísafirði kl 11:00 11. apríl 2006.

Bæjarstjórn bauð fundarmenn velkomna. Eitt mál var á dagskrá fundarins. Staðsetning Slysavarnasafni. Tveir fulltrúar Slysavarnarfélags Landsbjargar komu vestur til að athuga hvort finna mætti safninu ákjósanlegan stað hér fyrir vestan, þeir eru Jón Gunnarsson og Gunnar Stefánsson. Jón greindi frá ýmsum aðilum sem hafa áhuga á að fá safnið til sín og lýsti stuttlega safninu og munum í eigu þess. Aðspurður um óskastöðu fyrir safnið, sagði hann að menn í stjórn Slysavarnarsafnsins sæju það sem kost að taka mætti gesti og sýna þeim safnið. Þ.e. að safnið væri ekki of fjarri höfuðstöðvum félagsins. Kostnaður við staðsetninguna skiptir auðvitað miklu máli, m.a. hefur Sjóminjasafnið boðið að taka slysavarnarsafnið ókeypis og safnið á skógum hefur einnig sýnt verkefninu mikinn áhuga. Fundurinn var hugsaður sem umræða og ekki um neina niðurstöðu um staðsetningu að ræða að svo komnu. Sunnan mönnum fannst margt áhugavert varðandi staðsetningu safnsins á Vestfjörðum og munu athuga málið vel.

Fundi slitið kl. 12:15

Guðfinna Hreiðarsdóttir, Dagbjört Hjaltadóttir, Magnús Ólafs Hanssonar, Jón Sigurpálsson, Björn Baldursson

#### **44. Fundur**

10.fundur (nýrrar stjórnar) í stjórn B.V. safnahúsinu Ísafirði, 15. maí 2006 kl. 16:00

Eitt mál á dagskrá (fyrri hluta fundarins) Safnastefna B.V., farið yfir lokadrög, orðalag lagað o.fl.

Stjórnarmenn samþykkja Safnastefnu með áorðunum breytingum.

kl. 17:20

Seinni hluti fundarins haldinn á Hrauni Ingjaldssandi. Búvélá- og tækjasafn Jóns Guðna Guðmundssonar skoðað. Rætt um aðkomu Byggðasafnsins, sem gæti verið í formi aðstoðar við styrkumsóknir, kynningu muna o.s.frv. Stjórnin telur að fyrsta skrefið ætti að vera greinargerð um safnið sem skilgreinir hvers konar safn er að ræða. Eigendur safnsins ætla að skila Byggðasafninu drögum að greinagerð sem Byggðasafnið mun skoða og bregðast við. Ræddar ýmsar leiðir að uppsetningu safnsins. Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl 18:30.

Guðfinna Hreiðarsdóttir, Dagbjört Hjaltadóttir, Magnús Ólafs Hanssonar, Jón Sigurpálsson, Björn Baldursson, Jón Guðni, Guðni Guðmundsson.

## 45. Fundur

11.fundur (nýrrar stjórnar) í stjórн B.V. í nýbyggingunni í Neðstakaupstað, Ísafirði. 21.sept. 2006.

Mætt voru undirrituð.

- Starfsemi Byggðasafnsins sumarið 2006 Jón Sigurpálsson og Björn Baldursson gerðu grein fyrir starfsemi Byggðasafnsins í sumar. Fjöldi gesta var um 7000 og er það aukning frá síðasta sumri en þar munar mestu um þá gesti sem koma með skemmtiferðaskipum. Mest komu 630 manns í safnið á einum degi í tengslum við komu skemmtiferðaskipsins Sea Princess síðsumars. Einnig kom nokkur fjöldi gesta á safnið á Hrafnseyri og á Flateyri en þar liggur nákvæm talning ekki fyrir. Minjagripir sem voru framleiddir fyrir sumarið seldust nokkuð vel, einkum bolir og snapsglöss, en forstöðumaður safnsins telur að ekki sé þarna um skjótfenginn gróða að ræða heldur eitthvað sem muni skila sér smá saman á næstum árum. Telja safnverðir að jafnvel megi auka söluna með því að bæta markaðssetu þessara minjagripa, t.d. með því að huga betur að útstillingu þeirra. Einnig var greint frá sólu á saltfiski sem safnið verkar og þeim saltfiskhátiðum sem hafa verið haldnar reglulega yfir sumarið í Tjöruhúsinu og eru vinsælar. Forstöðumaður viðraði hugmynd um að flytja eina saltfiskhátið eins og hún leggur sig til Spánar og halda með sama hætti og gert hefur verið á safninu. Hefur hann rætt við aðila sem bekkir nokkuð vel til á Spáni og telja þeir góðan grundvöll fyrir hugmyndinni. Sumarstarfsmenn voru Þórunn Elíasdóttir og Berglind Ósk Þórólfsdóttir og stóðu sig vel að sögn safnvarða. Auk þess voru til aðstoðar við ýmis verk krakkar úr vinnuskóla bæjarins.
- María Júlia – Verkstaða. Björn Baldursson gerði grein fyrir stöðu mála varðandi Maríu Júlíu. Hann hefur eftir Jóni Guðbjartssyni að skipið sé á leið í slipp í Stykkishólmi nú á allra næstu dögum. Skipið er ekki með haffærniskýrteini og þarf því að fá bráðabirgðaskýrteini og af þeim sökum hafa einnig verið vandræði með tryggingar en Jón er að vinna í því máli.
  - Búið er að rífa af skipinu allt járn sem sett hefur verið eftir að hlutverki hennar sem varðskipi lauk, s.s. hvalbak, aukadekk, bátaskýli, beituklefa, mastur og spil.
  - Um borð er komin ljósvel í góðu lagi og önnur er tilbúin til niðursetningar. Búið er að leggja nýtt rafmagn í skipið að hluta því gamla rafkerfið var rifið að mestu leyti.
  - Gamla spilið, það sem upphaflega var í Maríu Júlíu er komið til Þingeyrar og þar er búið að rífa það í sundur og unnið er að viðgerð.
  - Horfur eru á að lagt verið af stað í slipp í dag, eða í síðasta lagi um helgina, og verður fengin fylgd varðskips til Stykkishólms. Þar verða járnhlutar skipsins sandblásnir og zinkaðir að hluta. Eftir það verður skipinu siglt til Bolungarvíkur, þar verður zingkað og fjarlægð steypa úr skipinu. Síðan verður skipinu siglt til Ísafjarðar og þar verður smíðaður nýr hvalbakur og einnig mun væntanlega áframhaldandi viðgerð fara fram þar. Vonast er til að skipið geti komið til Ísafjarðar 1. desember n.k.
- Álitsgerð stjórnar B.V. vegna óskar H.G. um að fá að stækka frystigeymslu við Árnagötu 1. Formaður lagði fram drög að álitsgerð fyrir stjórnarmenn og var hún Samþykkt. Var forstöðumannni falið að ganga frá henni með lítilsháttar breytingum og koma henni til Halldórs Halldórssonar bæjarstóra Ísafjarðarbæjar.

### Álitsgerð:

- Það er álit stjórnar Byggðasafns Vestfjarða og forstöðumanns safnsins að með þessari stækkun muni götlína Suðurgötu raskast og fyrirhuguð bygging eyðileggja mynd friðlýstu húsanna í Neðstakaupstað seð frá Mjósundum. Þá hefur reynslan sýnt að snjósöfnun er veruleg hlémegin við númerandi byggingu þannig að Tjöruhúsið, sem kemur til með að standa næst nýbyggingunni (5 metra), er í verulegri hættu af þeim sökum. Ef af þessari framkvæmd verður kemur byggingin til með að skyggja og þrengja verulega að aðal starfssvæði safnsins í Neðstakaupstað. Það er ástæða til að áréttu að um svæðið fara um 15 þúsund manns á ári og fer fjölgandi með hverju ári. Allar framkvæmdir á þessu svæði eru afskaplega viðkvæmar og verða ekki gerðar nema að undangenginni mjög nákvæmri úttekkt með framtíðarhagsmuni í huga og að höfðu samráði við alla hagsmunaaðila.

Uppsögn Heimis Hanssonar og fastráðning Björns Baldurssonar. Formaður gerði grein fyrir því að Heimir Hansson sem hefur verið í tveggja ára námsleyfi hafi sagt upp störfum frá og með 1. júlí sl. Björn Baldursson sem sinnt hefur starfi Heimis á umræddu tímabili, hefur verið fastráðinn sem starfsmaður safnsins.

#### **Fjárlaganefnd, verkefni sem óskað verður eftir að Fjárlaganefnd styrki:**

Forstöðumaður gerði grein fyrir þeim verkefnum sem sótt verður um styrki fyrir hjá fjárlaganefnd: Nýbygging í Neðstakaupstað þannig að hægt verði að halda framkvæmdum áfram, Sædísí, sótt um 1 m. kr. til að ljúka endurbótum á bátnum þannig að hægt verði að fá haffæri á hana. Möguleiki er að fá vél lánaða í bátinn í millisafnaláni. Forstöðumaður vill stefna á að Sædísí fari jómfrúarsiglinguna á Sjómannadaginn. Einnig verður sótt um áframhaldandi styrkveitingu vegna björgunarskipsins Maríu Júlíu og styrk til viðgerða á bátnum Jóhönnu frá Dynjanda.

Önnur mál.

Finnbogi Bernódusson gerði grein fyrir stöðu mála í safninu í Ósvör og telur að þar megi margt til betri vegar færa og koma þurfi starfsemi safnsins í faglegra horf. Stjórn Byggðasafns Vestfjarða sendi í byrjun sumars greinagerð til menningarmálanefndar Bolungarvíkurkaupstaðar um hugsanlega aðkomu Byggðasafnsins að rekstri Ósvarar samkv. beiðni þáverandi stjórnarmanns, Magnúsar Ólafs Hanssonar. Niðurstaða menningarmálanefndar mun hafa verið að ekki væri rétt að færa safnið í Ósvör undir Byggðasafnið, en stjórn Byggðasafnsins lýsir sig engu að síður reiðubúna til viðræðna við menningarmálanefnd Bolungarvíkurkaupstaðar um faglega aðkomu Byggðasafnsins að þeirri starfsemi sem fram fer í Ósvör.

Forstöðumaður lagði til að farið yrði í samstarf við eignasjóð Ísafjarðarbæjar um hönnun lóðarinnar við safnið í Neðstakaupstað. Finnbogi kom með fyrirspurn um viðgerð á Ölveri, hvernig væri staðið að henni og hver greiddi kostnað. Gera þarf við tvö borð og hefur Ragnar Jakobsson tekið að sér að sjá um viðgerðina.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 18:30.

Sigurdís Samúelsdóttir ritar fundagerð.

Guðfinna Hreiðarsdóttir, Finnbogi Bernódusson, Jón Sigurpálsson, Björn Baldursson

#### **46. fundur**

Í stjórn Byggðasafns Vestfjarða – safnahúsínu Ísafirði 19. jan. 2007 kl. 16:00. Mættir voru undirritaðir. Lögð fram ársskýrsla fyrir Byggðasafn Vestfjarða fyrir árið 2006. Samþ. án athugasemda.

Lagður fram ársreikningur fyrir Byggðasafn Vestfjarða fyrir árið 2005 samþ. án athugasemda.

Fjárfamlög og styrkir til Byggðasafns Vestfjarða fyrir árið 2007. Styrkir fengust frá Fjárlaganefnd 6,0 m. í nýbygginguna, til viðgerða Sædísí og Jóhönnu 7 m. kr. og 3 m. kr. til Maríu Júlíu.

Framlag Ísafjarðarbæjar til Byggðasafns verður kr. 7.651.020,- til reksturs safnsins. Innheimta þarf 22% hlut Súðavíkurhrepps og Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árið 2007. En til þessa hafa ekki borist greiðslur frá þessum aðilum.

#### **Bygginganefnd nýbyggingar Byggðasafns Vestfjarða**

Lagt til að nefndin verði lögð niður og verkefni hennar færð undir stjórn Byggðasafns Vestfjarða. Samþ. samhlj.

Fyrirhugaður fundur stjórnar safnsins með Gísla Gunnlaugssonar hjá Tækniþjónustunni.

Fundur með eigendum í samb. við frekari fjármögnun.

Verkefni Safnsins á árinu 2007.

Stefnt er að standa að sýningu sem heitir „Fréttaritarinn tenging við umheiminn“.

Sædís, stefnt er að ljúka vinnu við Sædísí og fara víglusiglingu á sjómannadaginn.

Vegna stóraukinnar umferðar skemmtif.skipa er óhjákvæmilegt að laga safnið að auknu streymi ferðamanna t.d. með betra aðgengi.

Saltfiskhátíðin.

Stefnt er að hefja viðgerðir á bátum Jóhönnu.

Pátttaka safnsins í ýmsum viðburðum.

Önnur mál

að umboð stjórnarinnar verði endurnýjað eftir sveitastjórnarkosningar 2006

Staðan í björgunarskipinu Maríu Júlíu. Þrátt fyrir góðan vilja um að koma skipinu í slipp í Stykkishólmi hefur það ekki gerst enn.

100 ára afmæli símans – samstarf við Byggðasafn.

Söfn á norðanverðum Vestfjörðum – samstarf/kynning v/ sumarsins 2007. Rætt um að hafa samband við rekstraraðila smærri safnanna vegna kynningarbæklings (efnis).

Lögð fram skrá um gjafir til Byggðasafnsins árið 2006. Öllum gefendum færðar miklar og góðar þakkir fyrir þessar fjölmörgu gjafir sem bárust.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:30.

Guðfinna Hreiðarsdóttir, Dagbj. Hjaltad., Finnbogi Bernódusson, Björn Baldursson og Jón Sigurpálsson.

#### **47. fundur**

Fundur í stjórnum Byggðasafns Vestfjarða í nýbyggingunni í Neðstakaupstað 16.feb. 2007. Mætt voru Guðfinna Hreiðarsdóttir, Finnbogi Bernódusson, Gísli Gunnarsson frá eignarsjóði Ísafjarðarbæjar, Jón Sigurpálsson og Björn Baldursson.

Fyrir tekið:

Framkvæmdir og kostnaður vegna nýbyggingarinnar í Neðstakaupstað. Gísli Gunnlaugsson gerði grein fyrir niðurstöðutölu v, framkvæmdanna og stendur nú í kr. 29.797 + t reikn. að upphæð um 1,1 m.kr. þannig að í heild er frávikið ekki langt frá tilboði Vestfirskra verktaka sem var að upphæð 28.732.735. Þó er enn eftir að ganga frá og laupa á loftrætisamstæðu að verðmæti ca. 7. m.kr. (var ekki innifalið í tilboði Vestfirskra Verktaka), vatnsrúðunarkerfi og hækkun á gólfí v. lagna. Kostnaður f. utan tilboðið voru efniskaup (innriburðargrind, ysta veggklæðingin og rennisúð). Þegar upp er staðið er kostnaður vegna þeirra framkvæmda sem þegar hafa verið boðnar út kr. 45.365.472 – ofan á það bætist efniskostnaður sem Byggðasafnið greiddi úr eigin vasa um 15. m.kr. þannig að í árslok 2005 var heildarbyggingarkostnaður skv. útreikningi kr. 60.402.793. Hvað varðar næstu skref í framkvæmdinni þá gerði Gísli grein f. því að kostnaður við að gera næsta áfanga fokheldan verði um 70. m.kr. með öllu. Fleira ekki gert.

Guðfinna Hreiðarsdóttir, Jón Sigurpálsson, Björn Baldursson, Finnbogi Bernódusson, Jóhann Bæring Gunnarsson og Gísli Gunnarsson.

#### **48. Fundur.**

Fundur í stjórnum Byggðasafns Vestfjarða 27.3.07, í safnahúsini á Ísafirði kl 16:00.

Lagt fram bréf frá Bæjarstjóra Ísafjarðar vegna svarta pakkhússins á Flateyri. Ísafjörður er eigandi pakkhússins en Minjasjóður Önundarfjarðar greiðir af því. Hugmyndir eru upp um að flytja húsið, og finna því nýtt hlutverk. Húsið er byggt um miðja 19. öld. Stjórnum Byggðasafnsins tekur undir þær hugmyndir að húsið verði flutt og því fundinn staður neðan við Hafnarstræti eða gegnt húsi nr. 1 við sömu götu, einnig að því verði fundið hlutverk í tengslum við menningartengda ferðaþjónustu.

Harmonikkusafns Ásgeirs S. Sigurðssonar óskað eftir að Ísafjarðarbær taki við harmonikkusafninu, og að Byggðasafnið taki að sér undirbúning þess að taka við safninu. Bæjarráð vísar erindinu til umsagnar í stjórnum Byggðasafnsins. Stjórnum Byggðasafnsins tekur undir að Harmonikkusafn Ásgeirs S. Sigurðssonar sé merkilegt og verðmætt og einstakt í sinni röð. Stjórnin lýsir sig tilbúna til að hefja undirbúning þess að taka við harmonikkusafninu en lýsir því jafnframt yfir að safninu séu ákveðnar skorður settar samkv. þjóðminjalögum, safnalögum og þeirri afstöðu sem safnið hefur. Stjórnin mun engu að síður gera sitt besta til að harmonikkusafninu verði sýndur sá sómi sem safninu ber.

Erindi Halldórs Sveinbjörnssonar varðandi húsnæði fyrir Harmonikkusafnið. Halldór býður fram húsnæði að Suðurtanga 2 fyrir Harmonikkusafnið. Stjórnum Byggðasafns telur húsnæðið ekki henta sem sýningaráhúsnæði eins og það er í dag, og treystir sér ekki til að fara út í þær framkvæmdir til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til safna

Gamli slippurinn í Suðurtanga afhentur B.V. óskað hefur verið eftir því að Byggðasafnið taki að sér varðveislu gamla slippins, og lýsir Stjórnum Byggðasafnsins sig reiðubúna til að taka það verkefni að sér.

Gamla sundlaugarhúsið í Reykjanesi. Erindi frá Margréti Karlsdóttur. Margrét óskar eftir því að gamla sundlaugarhúsið verði flutt á sínu stað við gömlu sundlaugina. Stjórnum Byggðasafns felur

safnvörðum að ræða við Margréti og afla frekari upplýsinga um húsið og skoða mögulegan flutning í samráði við Húsafriðunarnefnd.

Önnur mál.

Rætt um erindi frá Bæjarráði um tilboð um kaupa á slökkvibíl (Ford-T.) Forstöðumaður lagðist gegn því að bíllinn yrði seldur og tekur stjórnin heils hugar undir það.

Forstöðumaður gerði grein fyrir því að allir styrkir frá Fjárlaganefnd hafa verið greiddir til safnsins, kr. 16. milljónir alls. Og auk þess úthlutaði safnaráð 19.00 þúsund samkv. bréfi 6. feb. 2007.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 17:00

Guðfinna Hreiðarsdóttir, Jón Sigurpálsson, Björn Baldursson, Dagbjört Hjaltadóttir og Finnbogi Bernódusson

#### **49. Fundur**

Fundur í stjórn B.V. 7. Maí að Holtagötu 3, Súðavík kl 16:00

Starfsemi safnsins sumarið 2007. Starfsemin verður í líku formi og undanfarin sumur. Farið verður út í að gera upp gamla slippinn. Útbúinn hefur verið samningur milli slppsala og byggðasafnsins, þar sem byggðasafnið fyrrir sig allri ábyrgð af óhöppum og slíku sem fylgir fyrir kunna að koma í slippnum.

Búið er að ráða í 3. stöður við Byggðasafnið til að hægt verði að taka á móti sívaxandi ferðamannafjölda.

Fjárfest hefur verið í flatskjá

Stór einblöðungur um Byggðasafnið og önnur verkefni sem því tengjast, s.s. Vigur, Ósvör o.s.frv.

Bátabæklingur, bæklingur um Neðstakaupstaðarsvæðið, um Vatnsfjarðarverkefnið, einnig er verið að þýða saltfiskbæklinginn (uppskriftir).

Stefnt er að því að Sædís fái haffæri á árinu.

Lóðin verður löguð og aðgengi gert betur, útgáfa kynningarrefnis.

Aðstaða til forvörlu í Nýbyggingu B.V.

Lagt er til að komið verði upp aðstöðu til forvörlu í Nýbyggingunni. Forstöðumaður safnsins skýrði frá hugmynd um að gera deild við Byggðasafnið þar sem hlutir nýkomnir úr jörðu yrðu forvarðir, í stað þess að senda þá úr landi, jafnvel mætti koma upp geymsluaðstöðu fyrir slíka gripi.

Forvörlunám mætti koma á fót í samstarfi við Háskólastetur Vestfjarða, Safnstjóri tekur að sér að afla frekari upplýsinga um málið og gerð greinargerðar um hugmyndirnar.

Áframhaldandi framkvæmdir við nýbygginguna í Neðstakaupstað

Bókun stjórnar B.V. Stjórn B.V. hvetur eigendur safnsins þ.e. Ísafjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað og Súðarvíkurhrepps til að leggjast á eitt um að ljúka hið fyrsta framkvæmdum við nýbyggingu Safnsins í Neðstakaupstað í samstarfi við þingmenn Norðvesturkjördæmis og ríkisvaldið. Lengi hefur verið í brýn þörf á að stækka og bæta aðstöðu safnsins, en með stóraukinni fjölgun gesta af skemmtiferðaskipum hefur sú þörf orðið enn brýnni enda þolir þessa elsta húsþyrping landsins aðeins takmarkaðan fjölda gesta. Nýbyggingin mun leysa verulega úr þessum vanda þar sem gestir munu dreifast betur um safnasvæðið og álagið minnka í Turnhúsini. Hafa verður í Huga að

Neðstakaupstaður hvað flestir ferðamenn heimsækja og því nauðsynlegt að aðgengi þar sé gott.

Horfa verður til framtíðar varðandi uppbyggingu safnasvæðisins og markmiðssetningu safnsins í tengslum við ferðapjónustu á Vestfjörðum.

Leggur stjórn B.V. áherslu á að gæta þurfi vel að þeim menningarverðmætum sem húsin í Neðstakaupstað eru og umgangast þau af tilhlýðilegri virðingu.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Jón Sigurpálsson, Björn Baldursson, Dagbjört Hjaltadóttir, Guðfinna Hreiðarsdóttir, Finnbogi Bernódusson.

## **50. Fundur**

Fundur B.V. í Bolungarvík, mánudag 22. okt. 2007 kl. 16:30

Yfirlit yfir starfsemi safnsins sumarið 2007, sjá fylgiskjöl aftast í fundargerð.

Starfsemi

Fjöldi gesta, 8500 gestir

Tekjur

Minjagripasala

Það gengur vel og hvað illa. Vel hefur gengið að taka á móti auknum fjölda gesta – það sem síður virkaði var starfsemi Morrans. Samstarf við veitingahúsið í Tjörnhúsini hefur gengið mjög vel auk þess sem fiskikar með lifandi fiskum var vinsælt en erfitt að viðhalda.

Framkvæmdir á svæði safnsins – sjá fylgiskjal. Stígar voru lagðir um svæðið.

Undirbúninngur að starfrækslu forvörlu verkstæðis í nýbyggingu í Neðstakaupstað. Hugmyndin er að setja upp forvörlu verkstæði fyrir jarðfundna muni og í því sambandi verði hægt að tengja starfsemina fornleifaskori Háskóla Íslands. Unnin hefur verið greinagerð um málið sem send verður hlutaeiganda og stjórnvöldum þ.e.a.s. nefnd um mótvægisáðgerðir. Enn mun þó vera ýmsir óleystir endar.

Flutningur báta-og vélasafns Þjóminjasafns Íslands til Byggðasafns Vestfjarða. Þjóðminjavörður er mjög jákvæður í gerð þeirrar hugmyndar.

Staða framkvæmda við Nýbygginguna í Neðstakaupstað. Enn er leitað að leiða til að afla fjár fyrir nýbygginguna.

Staða framkvæmda Maríu Júlú og annarra báta í eigu safnsins. Sjá fylgiskjal um starfsemi safnsins Styrkumsóknir til fjárlaganefndar Alþingis og annarra aðila. Erlendir aðilar hafa sýnt því áhuga að koma að fjármögnum endurbóta á Maríu Júlú.

Safnaráð, Menningaráð Vestfjarða, Fjárlaganefnd Alþingis til verkefnanna, Nýbyggingu, Maríu Júlú, Sædís, Jóhanna og Tóti auk smærri verkefna.

Samstarf við Faktorshúsið í Hæstakaupstað. Rætt hefur verið við eigendur hússins um sýningu í húsinu til að auka aðsókn að húsinu.

Farskóli Félags Íslenskra safna og safnamanna á Ísafirði haustið 2008. FÍSOS hefur lýst áhuga á að halda safnaskóla á Ísafirði. Skólinn heldur farskóla víðsvegar heima og erlendis á hverju ári.

Forstöðumaður telur að þema skólans á Ísafirði ætti að vera sjótengt, stjórn safnsins er afar ánægð með þessa málaleitan.

Endurskoðun stefnumótunar fyrir B.V. Farið veðrur í þá vinnu í vetur.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 18:40.

Guðfinna Hreiðarsdóttir, Dagbjört Hjaltadóttir, Finnbogi Bernódusson, Jón Sigurpálsson og Björn Baldursson

## **51. Fundur**

Vegna stjórnarfundar 22. okt. 2007.

**Starfsemi Safnsins sumarið 2007**

Safnið opnaði í Mai. Í sumar voru 3 aukastarfsmenn við safnið í yfirsetu og skráningu.

**Hieldargestafjöldi um 8500 manns.**

Skip sem voru með skipulagðar ferðir í safnið voru 18 talsins og komu af þeim um 3500 manns í safnið. Auk þess var lausagangur úr skipunum og má reikna með að allt að 5000 gestir séu farþegar af skemmtiferðaskipum. Eins og vanalega er yfirgnæfandi meirihluti safngesta erlendir ferðamenn, og eru íslendingar einungis um 15-20% gesta.

Skilrúm í gestamóttöku var endurbætt og fellt betur að heildarmynd safnsins.

Saltfiskur var verkaður á reit safnsins um 1500 kg. af blautfiski og rífandi sala í honum. 4 krakkar frá vinnuskólanum voru til aðstoðar í saltfisknum og við ýmislegt fleira, málun tiltektir o.s.frv.

Saltfiskvesla safnsins var haldin í Edinborgarhúsinu 30 júní. Voru fegnir 4 atvinnukokkar til að elda og auk þess voru nægur matur annars. Um 150 manns sóttu veisluna.

Göngustígar voru lagðir á svæðinu og hafa þeir lukkast nokkuð vel, og líka var jafnaður út fjörükamburinn. Þar voru settir báta Þjóðminjasafnsins Ögri og Þór, og voru þeir þar til sýnis í sumar.

Í Bárðarslipp var skipt um vír á spilinu, var það gjöf Olís til Byggðasafnsins. Vélsmiðjan Mjölnir sá um að skipta um vírinn. Sædís var tekin upp í slipp 12. júlí og er Magnús að vinna í henni, lúkar hefur verið málauður, lest klædd og málauð og ýmsar aðrar viðgerðir framkvæmdar. Öll gegnumtök hafa verið tekin úr og lagfærð og smíðuð á ný eftir þörfum af Vélsmiðjunni Mjölni, og næst liggur fyrir að setja vélina niður. Verið er að smíða járn og tilheyrandi í reiða Sædísar hjá Skipanausti.

Vélbáturinn Jóhanna ÍS hefur verið færð að verkstæði Magnúsar og hann er farinn að viða að sér efni til viðgerðar á bátnum, og hyggst hann byrja á viðgerðinni í haust.

María Júlia fór til Stykkishólms í slipp, þar var skipið botnskoðað o.fl. Stóðst hún allar skoðanir og var siglt til Bolungarvíkur í byrjun sumars. Í september var henni svo siglt til Ísafjarðar þar sem unnið verður að viðgerðum þegar fjármagn fæst. Már Óskarsson vélstjóri, hefur verið fenginn til að hafa eftirlit með Maríu í höfninni á Ísafirði.

Bátar á lóð safnsins, Örn og Tóti, voru færðir til og settir bakvið Turnhúsið þar sem þeir voru málauðir. Fornleifastofnun var við uppgröft í bæjarhólnum á Eyrartúni í 2. vikur, og er Byggðasafnið samstarfsaðili að þeim rannsóknum.

Sett var upp nýtt sjónvarp í Turnhúsinu á jarðhæð og þar var myndin „Íslands þúsund ár“ látin rúlla á opnunartíma safnsins. Féll þetta í góðan jarðveg skemmtiferðaskipagesta, sem margir hverjir hafa ekki treyst upp á efri hæðir hússins s.l. ár.

Farskóli safnamanna var haldinn í Glasgow. Fóru safnverðir báðir og var ferðin mjög fræðandi og athyglisverð.

Safnið var með sýningu á fréttamyndum Jóns Páls Halldórssonar á sumarhótelinu á Torfnesi. Í Tjöruhúsinu voru síldarmyndir frá Siglufirði tekna af Baldvin Hannessyni.

Í sal Listasafnsins er nýopnum sýning á ýmsum útskornum munum úr eigu Byggðasafnsins.

## 52. Fundur

Fundur stjórnar Byggðasafns Vestfjarða haldinn í safnahúsinu á Ísafirði 21. jan. 2008 kl. 16:00

Formaður bauð stjórnarmenn velkomna og gekk til skoðaðra dagskrá

Lagður fram ársreikningur ársins 2006. Helstu niðurstöðutölur eru að hagnaður ársins er kr. 941.150 miðað við 211. 126 kr. tap 2005. Kemur þetta helst til vegna aukinna vaxtatekna. Kom ábending frá endurskoðanda um rekjanlega skráningu aðgangseyris, henni er ábótavant og verður ráðin bót á því. Lögð fram árskýrsla 2007. Umræður urðu um hvernig ætti að reyna að ná betur til Íslendinga, en hlutfall þeirra af heildarfjölda gesta er lágt. Var ákveðið að efna til „hugarhríðarfundar“ fyrir sumarið.

Var rætt um að lengja opnunartíma vissa daga og hafa opið eitthvað um páska o.fl. Rætt var um fiskabúrstilraunir árisins og lýst yfir áhuga á áframhaldandi viðleitnin til slíks en athuga þarf betur hvernig standa skal að því. Rætt var um sumarstarf við Fornleyfastofnun. Það mál fór í bið eftir að í ljós kom að Fornleyfastofnun hafði aðrar hugmyndir um fjármögnun verkefnisins sem skapar óvissu um hlut Byggðasafnsins í því máli. Von er á talsmönnum stofnunarinnar fliótlega og verða þá málín rædd frekar. Boðað hefur verið til fundar í nefnd um uppbryggingu Maríu Júlíu þann 28. jan. n.k. í Reykjavík. Finnbogi kom með heimilisfanga Robert Taylor sem hefur lýst yfir áhuga á að taka þátt í fjármögnum viðgerðarinnar. Verður haft samband við hann og athugað hvaða hugmyndir hann hefur. Áætlaður ársfundur safnsins. Samþykkt að halda ársfund B.V. þegar ársreikningur 2007 liggur fyrir. Þangað verða boðaðir eigendur safnsins, þ.e. Bolungarvík, Súðavík og Ísafjarðarbær og þeim kynnt árskýrsla safnsins.

Styrkir og fjárfamlög 2008. Styrkir úr fjárlaganefnd nema 9. millj. króna og er það 7 millj. króna niðurskurður frá síðasta ári. Styrkloforð hafa ekki borist frá safnaráði. Verið er að vinna um sóknir v. mótvægisáðgerða og verður sótt um í hann v. bátaviðgerða og nýbyggingar.

Starfsemi sumarið 2008. Rætt um breytingar á miðhæð Turnhússins. Verið er að gera ný plaköt, í allt húsið. Skíðasýning verður sett upp í Sóltúni og Heimi Hansson fenginn til að aðstoða við það. Rætt um opnun heimasíðu Byggðasafnsins til að koma á framfæri upplýsingum um opnunartíma, um muni safnsins o.fl.

Aðstaða til forvörlu í nýbyggingu BSV. Eins og áður sagði náðist ekki lending um fjármögnun og verður þetta rætt nánar þegar menn frá fornleyfastofnun koma vestur.

Báta og vélasafn Þjóðminjasafns. Málið er í skoðun og verður kynnt frekar á ársfundi safnsins.

Stjórnin ítrekaði áhuga sinn á að fá safnið hingað vestur.

Harmonikkusafn Ásgeirs S. Sigurðssonar. Formaður hyggst skrifa Ísafjarðarbæ bréf og athuga stöðu þessa máls, og jafnframt var ákveðið að funda með Ásgeiri fyrr en seinna.

Önnur mál. Lagt fram tölvubréf frá Ólinu Þorvarðardóttur um stofnun Sögusafns um spánarvígum 1615. Ákveðið var að skrifa undir viljayfirlýsingu þar sem lýst er stuðningi við verkefnið án skuldbindingu.

Rætt um eignarhald á nýbyggingu safnsins. Formaður hafði fengið lögfræðiálit hjá Birni Jóhannessyni um nánari útfærslu á því, þ.e. að Ísafjarðarbær yfirtaki bygginguna.

Hafinn er undirbúningur að farskóla FÍSDS sem haldinn verður á Ísafirði 17-19 sept. n.k. og drög að dagskrá.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 18:15

Guðfinna Hreiðarsdóttir, Dagbjört Hjaltadóttir, Finnbogi Bernódusson, Björn Baldursson og Jón Sigurpálsson.

### **53. Fundur.**

Stjórn BSV. Árið 2008 föst. 22. feb. kl 13:30 hélt stjórnin fund á kaffi Edinborg á Ísafirði. Til fundarins höfðu verið boðaðir, auk stjórnar, aðilar tengdir ferðamálum á Vestfjörðum.

Mætt voru Guðfinna Hreiðarsdóttir, Finnbogi Bernódusson, Dagbjört Hjaltadóttir, Jón Sigurpálsson, Áslaug Alfreðsdóttir, Heimir Hansson, Jón Páll Hreinsson, Rúnar Óli Karlsson, Elías Oddsson og Björn Baldursson sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkona og bauð þeim að gjöra svo vel að fá sér súpu. Síðan var gegnið til dagskrár en aðeins einn liður var á dagskrá, þ.e. rætt um hvernig auka megi komur Íslendinga á BSV í Neðstakaupstað á Ísafiðri. Athuganir sýna að á síðasta ári var hlutfall Íslendinga af heildargestafjölda safnsins aðeins 23% en 43% séu farþegar skemmtiferðaskipa ekki taldir með.

Forráðamenn safnsins gerðu grein fyrir starfseminni á komandi sumri og hvaða nýjungar yrðu tekna upp. Fyrirhugað er að breyta miðhæð hússins og setja þar upp til sýnis hluta af harmonikkusafni Ásgeirs S. Sigurðssonar og mun Ásgeir jafnvel verða þar sjálfur þegar svo ber undir, leika á og gera við harmoníkur á harmoníkuverkstæði sem verður komið þar upp. Gert er ráð fyrir að þeir safngestir sem vilja geti tekið í nikku og prófað hljóðfærið.

Plaköt í safninu verða endurnýjuð og aukið við upplýsingar. Áslaug kom á framfæri athugasemd um að leiðsögn væri æskileg þegar komið væri inn í safnið, ef óskað væri eftir því, og að upplýsingar um aðgangseyri væru skýrari. Ekki væri gott að átta sig á hvernig bæri að auglýsa safnið ef spurt væri um það og hvaða ramma það afmarkaði sér.

Dagbjört sagðist hafa skoðað heimasíður erlendra safna og víðast væri eitthvað í boði fyrir börn og að þeirra hlut í starfseminni þyrfti að skoða frekar. Hugmynd kom fram um að hafa sjóklæði sem hægt væri að bregða sér í og láta taka mynd og prenta út. Áslaug talaði um að lengja opnunartíma safnsins. Einnig bjóða afslátt á aðgangseyri og opna safnið sérstaklega ef hópar kæmu sem vildu skoða safnið. Einnig viðraði hún hugmyndir um safnakort sem nokkrir aðilar mundu sameinast um. Hún kom með hugmynd um að í upphaf i sumars myndi safnið hafa opin dag þar sem starfsemin yrði kynnt.

Einnig kom fram hugmynd um að tengja starfsemina við tónleikana *Aldrei fór ég suður* og fá tónlistarfólk til að koma og „jamma“ á safninu. Rætt var um þátttöku safnsins á Skíðaviku „rennslí með sneiðingum“, Þátttaka og áhugi á því virðist hafa dala frekar meðal skíðavikugesta.

Rætt um tengingu eldsmiðjunnar inn í safnastarfið og talið áhugavert að hafa mann við smíðar í henni. Hugmyndir komu fram um endurvakningu á sumarkvöldum sem voru haldin fyrir nokkrum árum þar sem einn hlutur úr fórum safnsins var tekinn fyrir hverju sinni og honum gerð skil í stuttu mál. Fram kom að mikilvægt væri að hafa á boðstólum minjagripi en vanda yrði til vals á þeim. Einnig þarf að auka útgáfu á póstkortum og slíkt fyrirhugað í vor.

Hugmynd kom fram um að hafa kynningu á safninu fyrir ferðapjóna á svæðinu í byrjun vertíðar, þannig að þeir gætu betur gert sér grein fyrir starfseminni. Gerð var athugasemd við klæðnað yfirsetumanna í safninu, hann væri of galgopalegur og spurt hvort ekki mætti hafa samræmdan klæðnað og merkja starfsmenn með nafnspjaldi.

### **Hugmyndir sem fram komu á fundinum:**

Aukið úrval minjagripa  
Hlutur vikunnar – getraun.  
Sækja um styrk til Menningarráðs svo efla megi kynningu á safninu.  
Útgáfa safnakorts, 2-3 söfn taki sig saman.  
Endurtekja Sumarkvöldin  
Bæta kynningu á safninu / auka auglýsingar.  
Koma kynningarefni á hótelherbergi/sumarhús Sumarbyggðar/sumarhús Hvíldarklepps  
Afslætti hótelgesta o.fl.  
Opinn dagur í upphafi sumars.  
Kynning á starfsemi meðal ferðaþjóna  
Tenging við Skíðaviku „skíðakeppni“  
Tenging við Aldrei fór ég suður – fá tónlistamenn til að „djamma“ í safninu  
Auka samstarf milli safna/sýninga á svæðinu  
Auka afþreyingu sem höfðar til barna, t.d. smíðahorn, bátaleikir, sjóklæði, leiktæki.  
Kl. 14:45 þakkaði formaður stjórnar fundarmönnum og gestum fyrir komuna og sleit fundinn.  
Finnbogi Bernódusson, Guðfinna Hreiðarsdóttir, Dagbjört Hjaltadóttir, Jón Sigurpálsson og Björn Baldursson

### **54. Fundur**

Stjórn BSV hélt fund árið 2008, föst. 8. ágúst kl. 16:00 í Neðstakaupstað, nánar tiltekið á stéttinni fyrir utan Tjöruhúsið.

Mætt voru Guðfinna Hreiðarsdóttir, Finnboji Bernódusson, Dagbjört Hjaltadóttir, Jón Sigurpálsson og Björn Baldursson sem ritaði fundargerð.

Formaður greindi frá því að safninu var úthlutað safnaverðlaununum 2008, sem eru verðlaun sem forsetaembættið veitir árlega því safni sem þykir skara framur á sínu sviði hverju sinni. Hún þakkaði safnvörðum vel unnin störf og sagði að þetta væri mikilvægt fyrir starfsemi safnsins og einnig mikil viðurkenning á starfi þess í gegnum árin. Jafnframt greindi hún frá því að undarlega hefði verið staðið að boðum fulltrúa safnsins á Bessastaði, gleymst hefði að boða stjórn safnsins og fulltrúa Súðavíkur og Bolungarvíkurkaupstaðar. Í tilefni verðlaunaveitingarinnar ákvað Menningarmálanefnd Ísafjarðarbæjar og stjórn safnsins að efna til samsætis í Neðstakaupstað, og í dag á milli 16-18 býðst almenningi að skoða safnið og fræðast um bátakost þess endurgjaldlaust og þiggja kaffiveitingar í tilefni dagsins.

Formaður greindi frá opnum heimasíðu safnsins nedsti.is. Síðan var opnuð formlega í byrjun júlí, og var það Magnús Hávarðarson hjá Netheimum sem sá um að hanna síðuna. Enn sem komið er er hún aðeins á íslensku en unnið verður að því að koma henni á önnur tungumál eftir því sem tími vinnst til. Forstöðumaður greindi frá því að safninu hefði borist ósk um að það tæki við bát, gömlum Bátalónsbát, gamla Gunnari Sigurðssyni, bát Rafns Oddsonar. Sá bátur er nú á Dranganesi en í góðu ásigkomulagi og sjófær. Honum hefur ekkert verið breytt í gegnum árin og er mjög vel hirtur. Ósk kom frá eiganda um að hann gæti fengið afnotarétt af bátnum og var safnvörðum falið að vinna að framgangi þessa máls.

Bæst hefur við styrk til safnsins eftir síðasta fund, úr mótvægisáðgerðasjóði fengust 4 millj. til viðgerða og starfsemi í kringum bátaútger safnsins. Jón kom með tillögu um að leggja þetta inn í Gullkistuverkefni og hlaut það góðar undirtektir stjórnarmanna.

Rætt var um vélarmál Sædisar, lítið gengur að fá þá varahluti sem enn vantar, en áfram skal haldið að leita. Rætt hvort ekki eigi að finna aðra vél þar til June Munktell vélum kemst í stands.

Formaður greindi frá að í vor hefði komið upp hugmynd um að setja stór auglýsingarskilti á olíutankana á höfninni og fá til þess styrk frá olíufélögunum. Ekki fengust fullnægjandi loforð um fjármögnun en hugmyndin verður endurvakin næsta vor.

Aðsókn það sem af er sumri hefur verið góð og póstkortasala hefur gengið vel. Saltfiskur til þurrkunar hefur fengist hjá Þórsbergi á Tálknafirði og hjá Gunnlaugi Finnbojasyni.

Rætt um Farskóla FÍSOS sem haldinn veðrur á Ísafirði í haust. Þegar hafa um 50 manns tilkynnt þáttöku, og reiknað er með að um 100 manns sæki skólann.

Húsnæðismál safnsins voru rædd. Menntamálaráðuneytið gaf út yfirlýsingi í sumar um að það væri ekki að vænta frekari framlaga úr þeirri átt. Kom upp hugmynd um hvort ekki væri best að ráðast í framkvæmdir og láta svo reyna á hvort ekki væri hægt að sækja frekari framlög til ráðuneytisins þegar byggingu væri lokið, sem framlög eða sérsamning eins og tíðkast hefur meðal safna.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl 17.00

Guðfinna Hreiðarsdóttir, Finnbogi Bernódusson, Dagbjört Hjaltadóttir, Jón Sigurpálsson og Björn Baldursson

## 55. Fundur

Árið 2008, þann 11. okt. kl 11 hélt stjórn BSV fund á heimili Dagbjartar Hjaltadóttur í Súðavík. Mættir voru Guðfinna Hreiðarsdóttir, Dagbjört Hjaltadóttir, Finnbogi Bernódusson, Jón Sigurpálsson og Björn Baldursson sem ritar fundargerð, Dagbjört bar fram veitingar og hófst svo fundur.

Dagskrá

Staða safnsins í ljósi efnahagsþreingingu:

Það kom fram að safnið er með alla sína fjármuni á hefðbundnum reikninum, ekki með neitt bundið í verðbréfum eða slíku, þannig að peningarnir ættu að vera tryggðir. Rætt um hvort færa ætti reikningana yfir í ríkisbankana sem nú eru komnir til sögunnar, en flestir reikningar Byggðasafnsins eru í Sparisjóðnum. Ákveðið að leita álits hjá fróðum mönnum um hvort það sé ráðlegt.

Styrkumsóknir til frálaganefndar og annarra aðila. Búið er að senda inn umsóknir fyrir þau verkefni sem verið hafa í gangi undanfarin ár og ákv. að láta reyna á hvort mikið verður skorið niður. Ákveðið að senda mann til að fara fyrir nefndina. Einnig var sótt um í Menningarráð til tveggja verkefna, skráning safnkorts? og útgáfu upprilta? bókar og hljómdisks. Sótt um styrk til svæðisvinnnumiðunar til 6 mánaða og fékkst sá styrkur. Miðast hann við starfskraft sem vinnur við skráningu og hugsanlega við innslátt á húsahönnun Ísafjarðarbæjar.

Aukin tækifæri með tilliti til erlendra ferðamanna. Rætt um hvort eigi í samvinnu við Vesturferðir um hugsanlega aukin fjölda ferðamanna í ljósi þess að hagstætt er orðið að koma til Íslands. Rætt um hvort hugsanlega eigi að auglýsa Byggðasafnið erlendis og innanlands, meira en gert hefur verið. Ákveðið að hafa samband við Markaðsstofu Vestfjarða og fá ráðleggingar hjá þeim varðandi þetta. Ákveðið að koma upplýsingum á erlendum tungumálum á heimasíðu safnsins.

Starfsemi safnsins sumarið 2008.

Starfsemin var hefðbundin, gestafjöldi var 7.500 – 8.000 manns. Vel hefur gengið að fá greitt frá Vesturferðum og samstarf við þá hafa gengið vel. Varðandi minjagripasölu þá hefur verið góð sala í kortum og svo hefur verið mikil sala á saltfiski. Búið er að selja um 400 kg í ár.

Flutningur báta og vélasafns þjóðminjasafns Íslands til Byggðasafns Vestfjarða. Rætt um að fara í samstarf við Ísafjarðarbæ um uppbyggingu á svæðum frá gamla slippnum að Massaslippi, þar mætti byggja naust fyrir bátasafnið, því eins og er ekkert húsnæði til fyrir safnið. (Enn eru þreifingar á milli BSV og þjóðminjasafns um flutning á safnmunum til Ísafj. eða Bol.víkur). Varðandi vélasafnið var rætt um húsnæði Elvar Sigurgeirssonar í Bolungarvík. Hann hafði bent að húsnæði sem hann ætti í Bolungarvík gæti hentat. Finnbogi dró í efa að það væri mjög hentugt fyrir þetta verkefni.

Rætt um að sameina fleiri lirafka? í þessu verkefni t.d. fá Menntaskólanum á Ísafirði inn í þetta. Rætt um að fá fund með skólameistara og yfirkennara vél og tréiðna varðandi kennslu í uppgerð á gömlum bátum og vélum.

Ákveðið að ganga í að funda með þessum aðilum þ.e. Ísafjarðarbæ og Bolungarvík og Menntaskólanum um framgang þessa verkefnis.

Rætt um stofnun einhvers konar bátahótel, þar sem eigendur báta gætu dyttað að bátum sínum.

Staða forvörluverkstæðis í Neðsta. Ekkert hefur gerst í því máli, fyrst og fremst vegna neikvæðra undirtektu hjá Fornleifavernd Ríkisins. Fornleifastofnun hefur verið jákvæð gagnvart þessu, og fær að geyma gripi í geymslu Byggðasafnsins.

Staða nýbyggingar í Neðsta. Stjórnin vill fara fram á að safnið fái sömu fyrirgreiðslu og mörg önnur söfn hafa fengið sérsamninga til leyfistíma? um nýbyggingu. Ákveðið að hafa samráð við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar með það fyrir augum að fá fundm eð menntamálaráðherra.

Staða framkvæmda við báta safnsins. Varðandi Sædís, þá verður reynt að fá nýrri vél þar sem ekki gengur vel að fá varahluti í hana. Finnbogi tók að sér að reyna að finna vél. Gert er ráð fyrir að Sædís verði tilbúin á næsta sjómannadag þ.e. 2009.

Ekkert hefur verið gert í Maríu Júlíu undanfarið ár. Nefndin sem átti að afla fjár til viðgerðarinnar hefur ekki starfað og litlir peningar eru til. Rætt um að fá heimamann til að gera áætlun um forgangsröðun verkefna við viðgerðina.

Farskóli FÍSOS haustið 2008. Stjórn lýsti yfir ánægju með farskólann, mjög fróðleg erindi voru flutt. Þakkaði stjórn safnvörðum fyrir gott skipulag og framkvæmd.

Ársfundur Byggðasafns Vestfjarða. Til stendur að halda fund með eignendum safnsins þ.e.

Bolungarvíkurkaupstað, Súðarvíkurhrepp og Ísafjarðarbæjar, þar sem lagðir verða fram reikningar áranna 2006 og 2007. Ákveðin dagsetning 7.11.2008.

Önnur mál.

Guðfinna kom með tillögu um að setja upp sýningu þar sem sett væri fram eitthvað stuðandi í ljósi þess að á söfnum er yfirleitt sýnt bara það góða í sögunni, aldrei það slæma. Þessi sýning myndi vekja upp umræðu og vekja fólk til umhugsunar. Velja einhvern atburð sem væri hentugur til þessa.

Tillagan fékk góðar undirtektir.

Rætt um slippinn í Neðsta. Þörf er á að láta taka hann út. Viðgerðar er þörf, til að hægt sé að taka upp báta, 30-50 tonn að stærð. þarf að endurnýja, hjól undir sleða eru sum orðin föst, og fleira þarf að dytta að.

Komin er fram beiðni um að Byggðasafnið taki við bátnum Elju frá Nesi, sem smíðuð er af braðrunum í Nesi. Talað um að gera samning um samnýtingu eigenda báta og safnsins um viðhald og afnot af bátum sem gefnir eru safninu.

Lagt fram bréf frá Helgu Ingimundardóttur til safnsins um hvort safnið vildi kaupa gamla Fagranesið. Það hvíla á því ýmis lán. Stjórnin vísaði þessu frá og hyggst ekki reyna að eignast skipið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:30.

Guðfinn Hreiðarsdóttir, Finnbogi Bernódusson, Dagbj. Hjaltad. Jón Sigurpálsson og Björn Baldursson.

## 56. Fundur

Árið 2009, þann 25. maí hélt stjórn BSV fund í Hagalínssstofu í Safnahúsini á Ísafirði.

Mættir voru Guðfinna Hreiðarsdóttir, Dagbjört Hjaltadóttir, Finnbogi Bernódusson, Jón Sigurpálsson og Björn Baldursson sem ritar fundargerð.

Gengið til dagskráar.

Styrkumsóknir og styrkveitingar. Sótt var um til safnaráðs og þar fengust 2,5 millj.kr. í rekstrarstyrk og 300 þús. í verkefnastyrk. Sótt var um til Menningarráðs og þar fékkst styrkur til útgáfu uppskrifabókar með saltfiskuppskriftum og hljómdisk kr. 500.000 einnig fékkst til Gullkistuverkefnis 300.000. Styrkur vegna mótvægisáðgerða hefur allur verið greiddur út og eru uppi hugmyndir um að sameina þá við Gullkistuverkefnið; þ.e. söguferðir með ferðamenn um gamlar útgerðaslóðir, Ósvör, Litha bæ, Vigur o.fl. staði. Frá Fjárlaganeft fengust 9. millj. kr. í styrk til ýmsa verkefna, í Tóta, Sædís, Jóhönnu, Maríu Júlíu og Örn fengust 1. m. kr. í hvern, og 4.m.kr. í safnahús.

Starfsemi 2009. Stefnt er á útgáfu á uppskriftabókinni í júlí, er undirbúningur langt kominn, bókin verður á 3. tungumálum, ísl., ensku og þýsku. Opna hf. er meðútgefandi. Einnig er unnið að þýðingu á safnsvísí á ensku og þýsku.

Opnuð verður sýning um hlunnindi á Turnhúsloftinu, þar sem fjallað verður um ýmis strandhlunnindi. Forstöðumaður lýsti yfir áhuga á að endurtaka rækjuhátið líkt og var fyrir nokkrum árum síðan, og vakti mikla lukku. Reynt yrði að stóla upp á dag þar sem skemmtiferðaskipum litla poka með harðfiski, með merki byggðasafnsins á. Búið er að semja við Þórsberg á Tálknafirði um kaup á saltfiski til að þurrka í summar. Við kaupum ca. 2. tonn í ár. Safnstjóri hefur áhuga á að vinna fiskinn frekar í söluvænar umbúðir, láta gera stimpil á umbúðirnar.

Flutningur báta- og vélasafnsins í fyrrahaustrum var fundað með rektor MÍ um samstarf um að gera upp gömul hús og báta til að handverkið glatist ekki. Rektor tók mjög vel í þær hugmyndir. En ljóst er að nauðsynlegt yrði að ráða mann til að halda utan um verkefnið. Ekkert hefur verið rætt við Margréti Hallgrímsdóttur frekar varðandi báta- og vélasafnið enda húsnæðisleysið enn vandamál. Rætt var um nauðsyn þess að láta mála Maríu Júlíu og sandblása hana. Finnbogi ræddi um að gera tilboð í verkið þegar um hægðist. Guðfinna stakk upp á að láta gera kort með mynd af Maríu Júlíu með upplýsingum um hana, sem tækifæriskort. Menn voru jákvæðir.

Húsnæðismál safnsins. Byggðasafnið leigir aðstöðu í safnahúsinu

Fundi slitið, Dagbjört Hjaltadóttir, Finnbogi Bernódusson, Guðfinna Hreiðarsdóttir, Jón Sigurpálsson

## 57. Fundur

Ár 2009, þann 15. sept. kl. 16:00 var haldinn fundur í stjórn BSV í Hagalínssstofu í safnahúsinu á Ísafirði. Mætt voru Guðfinna Hreiðarsdóttir, Dagbjört Hjaltadóttir, Finnbogi Bernódusson, Jón Sigurpálsson og Björn Baldursson sem ritaði fundargerð.

Gengið til dagskrár

Starfsemi sumarsins. Mikil aukning hefur orðið í sumar frá því í fyrra og er gestafjöldi orðinn um 9000 manns, sem er aukning um 2000 manns frá því á síðasta ári. Saltfiskverkun hefur gegnið vel og sala einnig. Verkuð voru 2 tonn af fiski og hann seldur að mestu leyti til Deplu sem fyrr. Sala á saltfiskbók hefur gegnið vel. Forstöðumaður greindi frá því að til stæði að fara með saltfiskveisluna til Reykjavíkur í nóvember og reyna að ná til Vestfirðinga þar, og m.a. auglýsa veisluna og uppskriftabókina. Morrinn gerði mikla lukka hjá skipagestum, mikil breyting var á síðasta ári. Nú var eingöngu notuð lifandi tónlist til undirlieks og var það allt annað á að hlýða. Sala minjagripa hefur verið frekar dræm, póstkort hafa selst ágætlega, mynd Erlendrar Sveins hefur selst vel „Ísland þúsund ár“ sem nú er komin á DVD.

Settur var upp vefur á ljósastaura sem liggja að leguplássi skemmtiferðaskipa, með leyfi OV og var það tvímælalaust að skila sér í meiri fjölda ferðamanna.

Ferð forstöðumanns til Álandseyja. Forstöðumaður fór til Álandseyja á vegum Sjóminjasafns Íslands, til Mariehavn og hélt þar fyrirlestur á ráðstefnu norrænna sjóminjasafna. Hver þjóð sagði frá hvernig varðveislumálum sjóminja væri háttar í hverju landi fyrir sig.

Á ráðstefnu var ákveðið að árið 2012 yrði hún haldin á Ísafirði. Forstöðumaður lagði til að safnið gerðist aðili að Alþjóðasamtökum sjóminjasafna og var tekið vel í þá tillögu og honum falið að hanna kostnað við það.

Forskóli Safnamanna. Forstöðumaður greindi frá að starfsmenn safnsins færðu í Farskólann sem haldinn er á Suðurlandi.

María Júlia og önnur skip. Vélsmiðjan Mjölnir hefur tekið að sér að sandblása skipið og getur það verk hefist fljóttlega. Formaður kom með hugmynd um að gefa eitt póstkort til styrktar viðgerðinni.

Forstöðumaður lagði áherslu á að reyna að finna samstarfsaðila um rekstur skipsins. Greint frá að aðilar á Þingeyri hafi sýnt áhuga á að gera við skipið, þeir sömu aðilar tóku þátt í að breyta skipinu 1975. Viðgerð og endurbygging Jóhönnu gengur vel, búið er að byrða og verður verkinu haldið áfram í veturnar. Finnbogi greindi frá að hann hefur fengið vél til bráðabyrgða í Sædísí, þar til varahlutir fást í June Munkfell vélina. Hann hefur ekki komist í að gera við hana ennþá en það er á döfinni.

Skólar tóku að sér að mála Örn og Tóta í sumar.

Nokkuð hefur verið um að bátar hafi verið teknir upp í slippinn í sumar og hafa fengist að því nokkrar tekjur. Búið er að biðja um úttekt á slippnum og verður væntanlega farið í viðgerðir á honum innan skamms.

Skráningar og varðveislumál. Formaður lagði til að gerðar yrði skurkur í skráningarmálum og farið yrði í að tæma loftið yfir sundhöllinni og færa þá muni í geymsluna í Neðstakaupstað. Reyna þarf að fá styrk til ráðningar starfsmanns til skráningar á munum safnsins.

Önnur mál. Rætt um hugsanlegar nýframkvæmdir við nýbyggingu safnsins, og hvort hægt væri að lækka kostnað með einhverjum ráðum. Forstöðumaður falið að tala við arkitekt hússins.

Forstöðumaður greindi frá að hann hafi verið á fundi með Magnúsi Ó. Hansen fulltrúa atv. þar sem

þess var farið á leit að safnið ásamt fleirum yrði í vinnuhóp um námskeið í smíði íslenskra báta og sögu þeirra.

Fundi slitið kl 17:45

Guðfinna Hreiðarsdóttir, Dagbjört Hjaltadóttir, Finnbogi Bernódusson, Jón Sigurpálsson og Björn Baldursson.

## 58. Fundur

Ár 2012 þann 4. mars var settur fundur í stjórn Byggðasafns Vestfjarða kl. 16 í Hagalínssstofu í gamla sjúkrahúsini. Mættir voru Guðfinna Hreiðarsdóttir, Finnbogi Bernódusson, Dagbjört Hjaltadóttir, Jón Sigurpálsson og Björn Baldursson ritaði fundargerð. Gengið til dagskrár.

Lagður fram ársreikningur ársins 2008. Formaður greindi frá að allt væri fyrir að greitt hefði verið með safnskólanum árið 2008 og einnig saltfiskverkun safnsins. Niðurstöður ársreiknings eru:

Rekstrartekjur árisins – 22.204.650

Eignir 31.12.2008 – 19.494.774 kr.

Rekstrartap ársins 2008 – 623.729 kr.

Rætt um hvort minnka eigi umfang saltfiskverkunarinnar, eða hækka verðið á framleiðslunni.

Forstöðumaður mælti með því að verkuninni yrði haldið áfram en verðið hækkað til samræmis við rýrnun fisksins en rýrnunin hefur greinilega verið vanmetin.

Stjórn staðfesti ársreikning

Ársskýrsla 2008 lögð fram

Starfsemi sumarið 2010. Jón greindi frá að til stæði að setja upp Hjálmars og Bárastofu á miðhæð Turnhússins sem tileinkað væri feðganna. Harmonikkubæklingur er væntanlegur í sumar og er verið að vinna í honum núna. Prentað verður annað upplag af uppskriftabókinni Veislurnar í Neðsta, og einnig að gefa út á þýsku og ensku, jafn vel spænsku. Mannahald verður svipað og verið hefur en aukin áhersla verður lögð á skráningu. Í Ósvör er unnið að skráningu á vegum NaVe og verður það gert í sumar við BSV og unnið er að gerð nýrrar safnastefum á sviði þjóðminjavörslu.

Nýbygging. Forstöðumaður kvaðst hafa kannað hvernig mætti lækka byggingarkostnað.

Tæknibjónusta Vestfjara segir að ná megi fram lækkun með breytingu á byggingarefnin og eiga þeir eftir að skila tillögum í þá átt.

Önnur mál. Rætt um arf Hjálmars Bárðarsonar. Forstöðumaður greindi frá því að búið er að flokka og verðleggja alla hluti í dánarbúinu. Erfingjar mega velja þá muni sem þeir vilja og greiða fyrir það skv. verðlagningu. Enn er ekki vitað hve há upphæð það var sem BSV erfði en greiddar hafa verið út 12. milljónir. Forstöðumaður greindi frá að bíll hefði verið keyptur fyrir 450.000 og var það greitt með arfinum. Stjórn felur safnverði að skrifa uppbyggingarnefnd Maríu Júlíu og greina frá stöðu framkvæmda og ýta á frekari fjárlöfun til framkvæmda við hana. Gengið var frá samningi um húsaleigu BSV í safnahúsini. Forstöðumaður greindi frá gullkistuverkefninu og að nokkur skriður væri honum á það. Haldinn hefur verð fundur með skólastjóra MÍ og vilji er .þar til að fléttu bátasmíðaliðinu í kennslu á trésmíðabraut og jafnvel einnig að kom á kennslu á vélfræðibraut í meðferð gamalla véla. Safnið hefur eignast bát, Rán ÍS og hyggst leggja hana fram til verkefnisins.

Dagbjört vék af fundi.

Rætt um hvort efla megi minjagripasölu á vegum safnsins. Helsti þráður í götu þar er plássleysi í Turnhúsinu.

Fundi slitið kl 17:40

Finnbogi Bernódusson, Guðfinna Hreiðarsdóttir, Jón Sigurpálsson og Björn Baldursson.

## 59. Fundur

Ár 2010 þann 10. maí kl. 16:30 var settur fundur í stjórn Byggðasafns Vestfjarða í Hagalínssstofu.

Mættir voru Guðfinna Hreiðarsdóttir, Dagbjört Hjaltadóttir, Finnbogi Bernódusson, Jón Sigurpálsson og Björn Baldursson.

Erindi til Byggðasafns Vestfjarða frá Melrakkasetri Íslands um lán á munum frá BSV til að hafa á sýningu Melrakkaseturs. Einnig óskað eftir samstarfi og aðstoð v. minjavörslu og skráninga. Tekið

jákvætt í erindið og forstöðumanni BSV falið að vinna að málínu í samstarfi við forstöðumann Melrakkaseturs.

Gjafabréf frá bræðrunum Gísla Jóni Hermannssyni og Sverri Hermannssyni vegna bátsins Hermóðs ÍS 482 (sm. 1928) af Fal. Jóh. Þeir vilja gefa safninu Hermóð, og gera afnotasamning við safnið um að þeir fái samt sem áður að nýta bátinn svo frem sem það stangast ekki að við nýtingu safnsins á bátnum. Einnig koma þeir til með að leggja fram einhverja fjármuni til viðhalds bátum. Lýst yfir ánægju með þetta fyrirkomulag.

Stjórн safnsins hefur borist ársreikningur og skýrsla Minjasjóðs Önundarfjarðar. Lagt fram á fundinum.

Tekið fyrir bréf frá Ísafjarðarbæ varðandi útleigu krambúðarinnar í Neðstakaupstað, svohljóðandi:

Ísafirði 28.04.2010

Efni: Útleiga krambúðarinnar í Neðstakaupstað, Ísafirði.

„Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar þann 13. apríl sl. var lagt fram bréf frá Jóhanni Hinrikssyni, forstöðumanni Bæjar- og héraðsbókasafns Ísafjarðarbæjar, dags. 29. mars sl., þar sem hann segir starfi sínu lausu frá og með 1. júlí nk. og jafnfram sagði Jóhann upp leigusamningi sínum vegna krambúðar í Neðstakaupstað frá og með 1. september nk. Með tilvísun til uppsagnar Jóhannss Hinrikssonar á leigusamningi vegna krambúðarinnar í Neðstakaupstað, óskar bæjarráð eftir umsögn BSV, um áframhaldandi útleigu krambúðarinnar eða annarra nota af því húsi.“

Björn Baldursson vék af fundi þar sem þetta mál var rætt. Eftir nokkrar umræður komst stjórн BSV að þeirri niðurstöðu að ekkert væri því til fyrirstöðu að krambúðin yrði áfram í útleigu en rétt væri að gera ráð fyrir endurskoðun samningsins með reglulegu millibili, t.d. á 4 ára fresti. Þó svo að safnið gæti vel nýtt sér þetta húsnæði, þá eru enn bundnar vonir við að hægt verði að halda áfram með framkvæmdir við nýbygginguna í Neðstakaupstað þar sem safnið mun hafa framtíðaraðstöðu. Það þykir ákveðinn kostur að hafa húsið áfram í byggð, þannig að líf sé á safnasvæðinu árið um kring og er líka ákveðið öryggisatriði. Stjórн BSV sér því ekkert til fyrirstöðu að Krambúðin verði áfram leigð út, en með fyrirvara um tímabundinn leigusamning.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:20.

Guðfinna Hreiðarsdóttir

Dagbj. Hjaltadóttir

Finnbogi Bernódusson

Jón Sigurpálsson.

## 60. fundur

Ár 2010 þann 20. desember kl. 16 var haldinn ársfundur Byggðasafns Vestfjarða í fundarsal á 4. hæð Stjórnsýsluhússins á Ísafirði. Boðaðir voru stjórnmenn og sveitarstjórnmenn sveitarfélaga sem standa að rekstri BSV.

Stjórnskipti hafa orðið og er ný stjórн skipuð:

Ragnheiður Hákonardóttir fh. Ísafjarðarbæjar.

Þorleifur Eiríksson fh. Bolungarvíkurkaupstaðar.

Dagbjört Hjaltadóttir fh. Súðavíkurhrepps.

Ragnheiður Hákonardóttir setti fundin og greindi frá að forstöðumaður væri forfallaður.

Stjórн skipti með sér verkum.

Ragnheiður Hákonardóttir, formaður.

Þorleifur Eiríksson, varaformaður.

Dagbjört Hjaltadóttir, ritari.

Formaður bauð fulltrúa sveitarfélaga velkomna á fundinn. Birni Baldurssyni var falið að rita fundargerð.

Farið var í afgreiðslu á ársreikningi og ársskýrslu safnsins 2009.

Í árskýrslu safnsins er farið yfir starfsemi safnsins á árinu 2009. Gestir voru 8.900 og fer fjölgandi. Greint var frá minjagripasölu safnsins. Harmonikkusafn Á.S.S. vex og dafnar og vekur mikla athygli meðal gesta.

Sagt frá útgáfu bókarinnar Veisla í Neðsta sem hefur verið nokkuð vinsæl. Bókin er gefin út í samstarfi við bókaforlagið Opnu. Saltfiskveisla ársins var umfangsmikil enda líka útgáfuhóf bókarinnar.

Saltfiskverkun var nokkuð mikil á árinu og veður minnkuð v. kostanaðar.

Nokkrar sýningar voru á árinu:

Farskóli safnmanna var haldinn á Hótel Sögu í Reykjavík.

Greint frá bátaviðgerðum safnsins, Maríu Júlíu o.fl. bátum.

Viðhald bátanna stjórnast af styrkjum frá Alþingi. Nýbygging hefur staðið í stað og engar framkvæmdir.

Greint frá arfi Hjálmars R. Bárðarsonar sem ekki er orðið fullljóst hvað er mikill, en það skírist fljóttlega. Hluta verður varið til viðgerðar á Bárðarslipp næsta sumar.

Skyrsla stjórnarformanns.

Formaður fór yfir stofnun Byggðasafns Vestfjarða og starfsemi þess og húsakost.

Hlutverk þess í varðveislu er mjög mikið og sömuleiðis skyldur þess.

Nauðsynlegt er að koma upp þjónustuhúsi og bátaskýli.

Æskilegast væri að loka safnasvæðum þannig að fólk myndi borga sig inn á safnasvæðið. Hlúa verður vel að safninu og til góðra verka verður að leggja hér.

Skyrsla forstöðumanns.

Í fjarveru forstöðumanns las Guðfinna Hreiðarsdóttir fyrrv. form. stjórnar upp skýrslu hans. Þar var farið yfir fjárhagsstöðu safnsins sem skv. ársreikningi er frekar slæm.

Má þar m.a. kenna um saltfiskverkun safnsins sem er ekki að skila hagnaði, auk ýmissa annarra þátta.

Bókaútgáfa er fjárfesting til lengri tíma og kemur til með að skila sér síðar.

Mikil hækkan hefur orðið á húsaleigu safnsins frá Ísafjarðarbæ.

Peningastaða safnsins er góð en þeir eru merktir ákveðnum verkefnum.

Arfur HRB er safninu mikilvægur og kemur til með að nýtast vel.

Athugað var hvort safnið mætti gera ýmsum verkefnum á vegum þess reikning v. umsýslu. Það var talið eðlilegt.

Umfjöllun ársreiknings 2009.

Guðmundur Kjartansson endurskoðandi kynnti reikning safnsins.

Rætt um hvernig ætti að taka á neikvæðri stöðu ársreiknings. Daníel Jakobsson bæjarstjóri sagði að hann ætti að greiðast af fé byggðasafnsins. Einnig vildi bæjarstjóri breyta starfshlutfalli forstöðumanns í 90% Byggðasafn, 10% listasafn. Ísafj. Formaður sagði að safnið yrði aldrei rekið með jákvæðri niðurstöðu miðað við umfang starfsemi og aðstæðna til að afla sér fjár.

Daníel sagði að launatölur yrðu að vera í samræmi við fjárhagsáætlun sveitarfélaga.

Daníel sagði að Byggðasafnið yrði að halda sig við ramma fjárhagsáætlunar eins og aðrar stofnanir bæjarins.

Guðfinna greindi frá að gerðar hefði verið eignaskiptasamningu um nýja geymsluhúsið en hann hefði lent á milli stafs og hurðar.

Gísli Halldórsson spurði um ónotuð framlög og var því svarað og gerð grein fyrir því.

Arna Lára spurði um aðstöðu og hvað gestir af skemmtiferðaskipum væru að greiða inn á safnið.

Eiríkur Finnur spurði um minjagripasölu safnsins.

Daníel spurði um arf HRB, hvernig hann væri færður í reikningi safnsins.

Guðfinna ræddi um saltfisksölu safnsins, það hefðu verið gerð mistök í verðlagningu, hann hefði verið seldur of ódýrt.

Eiríkur spurði um starfsemi í öðrum sveitarfélögum s.s. Súðavíkurhreppi og Bolungarvíkurkaupstað.

Munir eru lánaðir til Melrakkaseturs, Ósvör, Hrafneyri, og söfn á þessum stöðum stendur til boða að fá lánaða muni af Byggðasafninu.

Formaður sagði mikilvægt að sveitarfélögini kæmu sér saman um aðkomu þeirra að rekstri safnsins.

Reikningar samþykktir með fyrirvara um breytingar á meðferð neikvæðra niðurstöðu þeirra.

Stefnuskrá BSV. Umræða var um starfshlutfall forstöðumanns. Þorleifur hélt að sú útgáfa stofnskrá sem lögð var fram hefði ekki verið samþykkt af bæjarstjóra Bolungarvíkurkaupstaðar. Sú breyting varð á útsendri skrá að búið var að fella út % tölur í skiptingu sveitafélaganna. Samþykkt með þeim fyrirvara

Önnur mál. Daníel ræddi aðskilnað fjárhags frá Ísafjarðarbæ, eða að bærinn tæki alfarið að sér bókhald safnsins. Óskaði hann eftir að stjórн skoðaði þetta mál. Formaður tók vel í að skoða málið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:50

Dagbjört Hjaltadóttir, Ragnhildur Hákonardóttir og Þorleifur Eiríksson.